



Skólaskýrsla Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Skólaárið 2015-2016

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Vor 2016

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	4
2.	Tölulegar upplýsingar	4
3.	Fundir, fyrirlestrar og námskeið	5
4.	Gjafir og styrkir	6
5.	Fjölbreytt skólastarf.....	6
5.1.	Afreksíþróttalína	6
5.2.	Nemendur í listnámi	6
5.3.	Skimun fyrir brotthvarfi	7
5.4.	Valfög fyrir grunnskólanemendur	8
5.5.	Námskrárgerð	8
5.6.	Smíðasmiðja.....	8
5.7.	Fræðsluátak einhverfusamtakanna	8
5.8.	Breytt stokkatafla	9
5.9.	Ferðalög nemenda og kennara.....	9
6.	Ýmsar upptakomur	10
6.1	Móttaka nýnema	10
6.2	Kynningarfundur.....	10
6.3	Opið hús - námskynning	11
6.4	Þemadagar.....	11
6.5	Starfshlaup.....	12
6.6	Dimissio.....	12
6.7	Evrópskt æfingaþing	13
6.8	Gróðursetning.....	13
6.9	Heimsóknir.....	13
6.10	Ýmsar keppnir.....	13
6.11	Hljóðneminn	15
6.12	Leikrit	15
6.13	Göngudagur	16
6.14	Hæfileikakeppni starfsbrauta	16

6.15	Stofnun ársins	17
7.	Skýrsla matsnefndar	18
8.	Skýrslur sviðsstjóra	21
8.1	Málasvið	21
8.2	Raungreinasvið	24
8.3	Samfélagssvið	27
8.4	Tækisvið	32
8.5	Starfsbraut	38
9.	Skýrsla bókasafns.....	47
10.	Skýrsla námsráðgjafa.....	49
11.	Skýrsla hjúkrunarfræðings.....	55
12.	Skýrsla forvarnafulltrúa	56
13.	Skýrsla félagslífsfulltrúa	57

1. Inngangur

Í eftirfarandi skýrslu er farið yfir skólaárið 2015 - 2016. Tilgreindar eru tölulegar upplýsingar og meðal annars fjallað um fundi, fyrirlestra, námskeið, fjölbreytt skólastarf og ýmsar uppákomur í skólastarfinu. Samantektarskýrslur matsnefndar, sviðsstjóra, bókasafns, námsráðgjafa, hjúkrunarfræðings, forvarnafulltrúa og félagslífsfulltrúa.



Frá kynningarfundum fyrir foreldra í ágúst 2015.

2. Tölulegar upplýsingar

Haust 2015

Skólastarf hófst 14. ágúst þegar nýnemar voru boðaðir á svokallaðan nýnemadag. Tilgangurinn með deginum er fyrst og fremst að gera yngstu nemendum okkar auðveldara að takast á við nám í nýjum skóla. Hefðbundin kennsla hófst síðan 19. ágúst. Nemendur sem hófu nám í dagskóla voru um 1000 en auk þess stunduðu rúmlega hundrað nemendur úr 10. bekkjum grunnskóla á svæðinu nám við skólann í einstaka valáföngum. Starfsmenn skólans á önninni voru 96, 74 kennarar, 6 stundakennarar og 16 aðrir starfsmenn. Verktakafyrirtæki sjá síðan um ræstingu og mótuneyti.

Nokkrir nýir starfsmenn hófu störf við upphaf annar en það voru þau Einar Óskar Friðfinnsson, Ólöf Hildur Egilsdóttir og Sólveig Sveinbjörnsdóttir. Einar Trausti Óskarsson, Karen Arason og Lárus Þór Pálmason voru í leyfi á önninni en Elín Rut Ólafsdóttir, Sesselja Bogadóttir og Þorbjörg Garðarsdóttir komu aftur til starfa eftir leyfi. Ólöf Bolladóttir, Eva Björg Sigurðardóttir, Ásta Katrín Gestsdóttir og Bjarni Þór Pálmason hættu störfum og Arndís Harpa Einarsdóttir hætti eftir að hafa leyst af síðasta vetur.

Vor 2016

Skólastarf hófst 5. janúar með stundatöfluafhendingu og fyrsta kennsludegi 6. janúar. Um 950 nemendur stunduðu nám við skólann í dagskóla, 106 nemendur 10. bekkjar sóttu nám hingað í einstökum fögum og 18 nemendur voru í fjarnámi. Fastir starfsmenn skólans voru 94 á önninni, 74 kennarar, 5 stundakennarar og 15 aðrir starfsmenn. Verktakafyrirtæki sjá síðan um ræstingu og mötuneyti eins og verið hefur. Jóhanna Björnsdóttir var í leyfi á önninni og Daníel Galvez og Ester Þórhallsdóttir voru í barneignarleyfi en Daníel sneri aftur til starfa upp úr miðri önn. Arnar Stefánsson, Einar Óskar Friðfinnsson hættu um áramótin og Helgi Rafn Guðmundsson kenndi ekki á þessari önn en hann hefur kennt bardagaíþróttir á afreksíþróttalínu. Magnús Óskar Ingvarsson var stundakennari og Skúli Jóhannsson leysti Daníel af í tölvugreinum á fyrri hluta annarinnar. Steinunn Tómasdóttir fjármálastjóri hætti formlega um áramótin og var Sonja Sigurðardóttir ráðin í hennar stað.

3. Fundir, fyrirlestrar og námskeið

Í október hélt Unnur Magnúsdóttir, frá Dale Carnegie, fyrirlestur fyrir kennara um samskipti og var það góð upprifjun fyrir hópinn. Í kjölfarið hélt Unnur svo námskeið fyrir stjórnendur skólans þar sem farið var yfir skipulag funda.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur um árabíl verið í samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurlands og Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. Þessi samvinna hélt áfram með hefðbundnum fundum stjórnenda þessara þriggja skóla. Auk stjórnendafunda hafa verið haldnir samstarfsfundir með öllum starfsmönnum skólanna á nokkurra ára fresti. Slíkur fundur var haldinn 2. febrúar í Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. Þar var byrjað á því að hlýða á fyrirlestra um skólamál en að því loknu bauð hver skóli upp á stuttan fyrirlestur um kennsluaðferðir og námskrárvinnu. Eftir hádegishlé skipti fólk sér svo í vinnuhópa eftir námsgreinum og störfum og bar saman bækur sínar. Að þessu sinni beindist athyglin einkum að nýju námskránni sem skólarnir eru að taka upp. Ekki var annað að heyra en fólk hafi verið ánægt með þetta tækifæri til að hitta kollega sína og skiptast á skoðunum og reynslusögum.

Í byrjun mars komu skólastjórnendur úr grunnskólum svæðisins í heimsókn og var farið yfir gengi nýnema í grunnfögunum fjórum eftir skólum og einkunnum. Fólk er almennt mjög ánægt með þetta samráð og er ætlunin að halda því áfram.

4. Gjafir og styrkir

Á hverri önn fær skólinn góðar gjafir frá velunnurum skólans. Á haustönn gaf Nesfiskur í Garði vélbúnað fyrir vélstjórnar- og málmíðnadeildir skólans en fyrirtækið hefur áður styrkt þessar deildir. Verið er að spjaldtölvuvæða starfsbraut skólans en það mun breyta námi á brautinni verulega. Á haustönn lögðu Lionsklúbbur Keflavíkur, Lionessklúbbur Keflavíkur, Lionsklúbburinn Æsa, Lionsklúbbur Sandgerðis, Lionsklúbbur Grindavíkur og Lionsklúbbur Njarðvíkur hönd á plóginn og styrktu þetta verkefni mjög veglega.

Í lok janúar var veittur einn styrkur úr Minningarsjóði Gísla Torfasonar. Styrkir úr sjóðnum eru veittir þeim sem eiga við fjárhagserfiðleika að etja.

5. Fjölbreytt skólastarf

5.1. Afreksíþróttalína

Undanfarnar annir hefur skólinn boðið upp á afreksíþróttalínu en hún er fyrir nemendur sem vilja stunda sína íþrótt með álagi afreksíþróttamanna, samhliða krefjandi bóknámi. Á afreksíþróttalínunni hefur verið lögð áhersla á að fá gestgjafara- og fyrirlesara í heimsókn. Elís Þór Rafnsson sjúkráþjálfi kenndi hópnum að teipa sig og hjá knattspyrnufólkinu kom Bjarni Jóhannsson þjálfari og stjórnaði einni æfingu. Á árinu hafa fjórir iðkendur afrekslínunnar keppt á Evrópumóti í taekwondo en það eru þau Sverrir Örvar Elefsen, Kristmundur Gíslason, Karel Bergmann Gunnarsson og Ástrós Brynjarsdóttir og Kristmundur keppti einnig á HM fyrir á árinu. Dröfn Einarsdóttir og Anita Lind Daníelsdóttir voru svo í 17 ára landsliði Íslands í knattspyrnu sem tók þátt í undanriðli EM í Svartfjallalandi.

5.2. Nemendur í listnámi

Í myndlistaáföngum var tekin upp sú nýbreytni að verk nemenda voru sýnd á sal. Reglulega var skipt um verk og lífgaði það verulega upp á sal skólans.

Nemendur á listnámsbraut sýndu lokaverkefni í textíl í útibúi Landsbankans í Reykjanesbæ í desember. Sýningin fór þannig fram að hver nemandi var með uppstillingu á fatnaði í einn dag en alls sýndu sex nemendur verk sín. Þessir nemendur hafa allir sýnt mikinn dugnað við vinnu sína og er gaman að geta sýnt afraksturinn á þennan hátt enda verkin virkilega glæsileg og vel gerð.

Í skólanum er endurvinnsluáfangi í textíl og er liður í þeim áfanga að vinna verkefni úr endurunnu hráefni og gefa til góðgerðarmála. Á vorönn saumuðu nemendur herraslaufur og seldu. Ágóðinn varð 200.000 kr. og rann hann til Krabbameinsfélags Suðurnesja. Nemendur mega svo sannarlega vera stoltir af verkefninu en þau stóðu sig afar vel, bæði við vinnu og sölumennsku.

Hópur nemenda af listnámsbraut skrapp í menningarferð til höfuðborgarinnar. Aðaltilgangur ferðarinnar var að heimsækja Ásmundarsafn ásamt kennara hópsins, Írisi Jónsdóttur. Þar var sýningin Geimþrá skoðuð en þar eru verk eftir listamenn sem hver um sig hafa sett mark sitt á íslenska listasögu 20. aldar, einkum þegar litið er til þrívíðrar myndlistar. Verkin á sýningunni eru flest frá 6. og 7. áratugnum og vísa til tækniframfara þess tíma.

Sýning útskriftarnemenda á listnámsbraut var opnuð í Duus-húsum þann 4. maí. Að þessu sinni voru það nemendur á öðru ári sem tóku þátt í sýningunni sem er hluti af Listahátíð barna en þar sýna nemendur á öllum skólastigum í Reykjanesbæ, þ.e. leikskólar, grunnskólar og framhaldsskóli. Verkin á sýningunni voru mjög fjölbreytt og sýndu hvað nemendur hafa verið að skapa í námi sínu.

5.3. Skimun fyrir brotthvarfi

Í október var könnun til að skima fyrir brotthvarfi lögð fyrir nemendur á fyrsta ári. Þetta var í fjórða sinn sem þessi könnun, sem var á vegum menntamálaráðneytisins, var lögð fyrir. Námsráðgjafar kölluðu síðan til þá nemendur sem voru, samkvæmt könnun, í mestri brotthvarfshættu og ræddu málin við þá.



Frá hæfileikakeppni starfsbrauta vor 2016.

5.4. Valfög fyrir grunnskólanemendur

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur verið í góðu samstarfi við grunnskólana á svæðinu og hafa nemendur bæði fengið að taka valfög á miðvikudögum auk þess að koma í einstaka greinar í dagskóla. Á þessu skólaári voru valgreinarnar enska, stærðfræði, rafmagn, trésmíði og textíl og hár.

5.5. Námskrágerð

Undanfarin misseri hefur verið unnið að undirbúningi nýrrar námskrár sem tók gildi í vetur. Þar hefur mikill tími farið í að skilgreina námsbrautir og áfanga enda hafa skólar meira frjálsræði til að skipuleggja námsframboð sitt og skapa sér sérstöðu. Það er alltaf áttak þegar svo stórar breytingar verða á skipulagi námsins. Meðal annars voru haldnir fundir með nemendum á stúdentsbrautum þar sem val fyrir næstu önn var kynnt og nemendum bent á námsleiðir og skipulag á hverri stúdentsbraut. Á meðan þessar breytingar ganga yfir stunda yngstu nemendurnir nám samkvæmt nýrri námskrá en aðrir fylgja enn eldri námskránni og því þarf að fylgjast vel með að allir séu á réttum stað.

5.6. Smíðasmiðja

Nemendur í smíðasmiðju hafa undanfarnar annir smíðað gröfur, hlaupahjól, dúkkurúm, leikfangalestir og formapúsl og hafa fært leikskólum á Suðurnesjum leikföngin að gjöf. Á haustönninni fékk leikskólinn Heiðarsel bíla að gjöf í tilefni 25 ára afmælis leikskólans. Leikskólarnir Tjarnarsel í Keflavík og Gefnarborg í Garði fengu síðan góðar gjafir í lok vorannar. Gunnar Valdimarsson trúnaðarkennari og Ágúst Eiríksson, málsmíðakennari hafa haldið utan um þetta verkefni. Á haustönn var Gunnar tilnefndur til Hvatningaverðlauna Fræðsluráðs Reykjanesbæjar. Tilnefningin var einmitt fyrir áfangann Smíðasmiðja 106 og framlag hans til leikskóla á Suðurnesjum en Gunnar var forvígismaður verkefnisins.

5.7. Fræðsluátak einhverfusamtakanna

Þrjú nemendur af starfsbraut tóku þátt í fræðsluátaki einhverfusamtakanna. Einkunnarorð átaksins eru virðing, samþykki og þátttaka. Þar er sjónum beint að skólaumhverfinu með það að markmiði að upplýsa, fræða og vinna gegn fordómum um einhverfu. Í átakinu eru gerð fræðslumyndbönd og þar komu nemendur, kennarar og skólameistari skólans fram og sögðu frá reynslu sinni.

5.8. Breytt stokkatafla

Á vorönn var ákveðið að fara í þá vinnu að breyta svokallaðri stokkatöflu og þar varð niðurstaðan að leggja niður stöðið í núverandi mynd en það hafði verið við lýði í skólanum í rúm tuttugu ár. Í stað þess að taka frá tíma um miðjan dag í stöðið verða stöðtímar í einstökum námsgreinum í lok dagsins. Við þetta breytist lengd kennslustunda lítillega. Ný stokkatafla tekur gildi haustið 2016.

5.9. Ferðalög nemenda og kennara

Nemendur skólans eru duglegir við að heimsæja leikhús, listasöfn og ýmsa vinnustaði og fara í menningar- og vettvangsferðir, enda er það hluti af námi þeirra.

Nemendur á tölvuþjónustubraut heimsóttu tölvudeild Isavia og Nýerja.

Nemendur í íslensku 503 fóru á RIFF- alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík og kynntu sér margt af því sem þar var á boðstólum og brugðu sér líka í leikhús.

Nemendur í vélstjórn heimsóttu Flugakademíu Keilis og kynntust námi í flugvirkjun. Vel var tekið á móti hópnum og reyndist heimsóknin bæði fróðleg og skemmtileg. Það var Árni Már Andrésson, kennslustjóri í flugvirkjun hjá Keili, sem leiddi nemendur í allan sannleika um flugvirkjanámið og starfið. Það voru kennararnir Ívar Valbergsson og Jónas Eydal Ármannsson sem fóru með hópnum héðan.

Nemendur á sjúkraliðabraut heimsóttu Brunavarnir Suðurnesja og fengu fræðslu um störf sjúkraflutningamanna og slökkviliðsmanna. Hópurinn fékk þar frábærar móttökur og áhugaverða fræðsla.

Skólinn var í samstarfi við Hakkit, sem er stafræn smiðja á Ásbrú. Nemendur í færninámi fengu tækifæri til að nýta sér aðstöðu og stafræn tæki sem þar eru.



Frá skólasetningu haustannar 2015.

6. Ýmsar uppákomur

6.1 Móttaka nýnema

Þann 27. ágúst var móttaka nýnema en þá voru nýnemar boðnir velkomnir í skólann. Að þessu sinni bauð nemendafélagið nýnemum í óvissuferð sem lauk við Sólbrekkuskóg þar sem boðið var upp á varðeld, leiki og margt fleira. Vel var mætt í ferðina en vikuna áður var sérstakt nýnemakvöld á sal þar sem einnig var fjölmenni. Það er óhætt að hrósa stjórn nemendafélagsins fyrir þessar skemmtilegu uppákomur en móttaka nýnema hefur verið að breytast undanfarin ár og er það vel.

6.2 Kynningarfundur

Kynningarfundur foreldra yngri nemenda var haldinn þann 31. ágúst. Fundurinn hófst á því að Hrefna Pálsdóttir frá Rannsóknunum og greiningu flutti stutt erindi um vímuefnaneyslu framhaldsskólanemenda. Fyrirtækið hefur um árabil gert viðamiklar kannanir á högum og líðan ungs fólks. Þar hafa komið fram athyglisverðar niðurstöður sem sýna að neysla unglinga á Suðurnesjum er á flestum sviðum undir landsmeðaltali. Að því loknu hófst hefðbundin dagskrá sem m.a. fólst í kynningu á skólastarfinu og hvernig foreldrar geta fylgst með námi barna sinna í gegnum skólakerfið Innu. Fulltrúar nemendafélagsins NFS sögðu síðan frá starfsemi félagsins. Aðalfundur foreldrafélags skólans var haldinn að lokinni kynningu á skólanum og tók Svavar Ólafsson við embætti formanns foreldrafélagsins sem var stofnað fyrir sex árum.



Frá opnu húsi vor 2016.

6.3 Opið hús - námskynning

Miðvikudaginn 9. mars var nemendum tíunda bekkjar og foreldrum þeirra boðið í heimsókn síðdegis. Skólinn var opinn frá kl. 17:00 til 19:00. Kennarar, stjórnendur og námsráðgjafar kynntu námið og svöruðu spurningum gesta. Nemendafélagið kynnti sína starfsemi og þá gafst gestum tækifæri til að ganga um skólann og skoða aðstöðuna. Þetta er fjórða árið í röð sem slík kynning er haldin og hefur aðsóknin verið mismikil. Í Fjölbrautaskólanum er reglulega rætt hvernig best sé að kynna skólann og námsframboð fyrir nemendum grunnskóla enda mikilvægt að íbúar svæðisins þekki skólann.

6.4 Þemadagar

Hinir árlegu þemadagar voru haldnir 18. og 19. febrúar. Í ár var yfirskrift þeirra „Sælla er að gefa en þiggja“. Einkennisorð daganna vísa til þess að áhersla var á að safna til góðra málefna. Á fimmtudag voru námskeið og fyrirlestrar og í hádeginu var boðið upp á skemmtiatriði á sal. Þá var kaffihús í gangi og þar rann allur afrakstur í góðgerðamál. Það er óhætt að segja að létt og góð stemning hafi verið í skólanum þennan dag og fólk hafi skemmt sér vel enda dagskráin fjölbreytt og skemmtileg.

Á föstudag var boðið upp á glæsilega dagskrá á sal en þar tróðu nemendur upp auk skemmtikrafta úr öllum áttum. Um leið var markaður í gangi en þar gátu gestir og gangandi fest kaup á varningi sem nemendur og kennarar höfðu gefið. Hagnaðurinn af markaðinum rann til góðs málefnis eins og af kaffihúsinu. Nokkrir kennarar buðust til að fá rjómatertu í andlitið gegn vægu gjaldi og nemendur og kennarar notuðu það tækifæri vel og létu um leið nokkrar krónur af hendi rakna í söfnun daganna. Nemendum 10. bekkjar á svæðinu var sérstaklega boðið að sækja dagskrána á föstudag og mættu nemendur flestra grunnskólanna. Eitt hundrað þúsund krónur söfnuðust á þemadögum og lögðust margir á eitt svo söfnunin tækist sem skyldi og ber þá helst að nefna nemendur og starfsfólk skólans, tónlistarfólk, Skólamat, Sigurjónsbakarí, Valgeirsbakarí og fleiri velunnara. Afrakstur daganna rann svo til Geðræktarmiðstöðvarinnar á Suðurnesjum „Björgin“ og var styrkurinn afhentur forsvarsmönnum Bjargarinnar þann 28. apríl.



Frá þemadögum vor 2016.

6.5 Starfshlaup

Starfshlaupið var haldið í 21. sinn síðasta kennsludag fyrir páska eða föstudaginn 19. mars. Andrés Þórarinn Eyjólfsson og Kristjana Hildur Gunnarsdóttir, kennarar sáu um skipulagninguna sem gekk vel. Starfshlaupið er nokkurs konar boðhlaup þar sem keppt er í flestum þeim námsgreinum sem kenndar eru við skólann og ýmsum þrautum. Að þessu sinni kepptu fimm lið í hlaupinu en í hverju liði eru nokkrir tugir keppenda. Fyrir hverju liði fara síðan fyrirliðar sem koma úr hópi væntanlegra útskriftarnemenda. Keppnin var gríðarlega spennandi í ár og réðust úrslit ekki fyrir en í síðustu þrautunum en svo fór að græna liðið sigraði.

6.6 Dimissio

Í lok hverrar annar bjóða væntanlegir útskriftarnemendur til hátíðar á sal sem kölluð er dimissio. Þá kveður útskriftarhópurinn kennara og nemendur skólans með ýmis konar uppákomum. Á haustönn var dimissio haldið 27. nóvember en á vorönn 29. apríl. Um morguninn er dagskrá á sal. Það er orðin hefð fyrir því að á dimissio sé boðið upp á stuttmynd um lífið í skólanum. Að lokinni kvikmyndasýningunni fer fram verðlaunaafhending en þar fær útskriftarhópurinn langþrátt tækifæri til að veita kennurum sínum viðurkenningar fyrir frammistöðu sína. Um kvöldið er síðan hin svokallaða síðasta kvöldmáltíð en þá borða útskriftarnemendur og starfsfólk skólans saman og gera sér glaðan dag.



Frá dimissio haustannar 2015.

6.7 Evrópskt æfingaping

Undanfarin ár hafa nemendur okkar sótt evrópskt æfingaping þar sem líkt er eftir starfi Evrópuþingsins þó þátttökulönd séu bæði innan og utan Evrópusambandsins. Þetta er lýðræðis- og leiðtögbjálfun fyrir ungt fólk. Að þessu sinni fóru þrír nemendur ásamt Ægi Karli Ægissyni til Osló dagana 6. – 11. október og tóku þátt í þingstarfi þar. Þetta voru þau Adam Sigurðsson, Alexander Hauksson og Tinna Björg Gunnarsdóttir og stóðu þau sig með mikilli þryði og höfðu gaman að þessari reynslu.

6.8 Gróðursetning

Hefð er fyrir því að væntanlegir útskriftarnemendur gróðursetji plöntur, hjá Rósaselsvötnum fyrir ofan Keflavík, til minningar um veru sína í skólanum. Svæðið sem um ræðir fékk skólinn á sínum tíma úthlutað hjá Skógræktarfélagi Suðurnesja. Þeir nemendur sem útskrifast frá skólanum gróðursetja þar plöntur tvisvar á ári; nemendur sem útskrifast á haustönn fara í upphafi haustannar en hópar sem útskrifast að vori gróðursetja þá. Þetta hefur verið gert í þó nokkur ár er var engin breyting þar á þetta árið. Búið að gróðursetja þó nokkuð af plöntum sem eiga vonandi eftir að vaxa þar og dafna.

6.9 Heimsóknir

Alltaf er einhver gestagangur í skólanum. Í apríl komu fjórir nemendur og tveir kennarar frá Helsinki í Finnlandi í heimsókn í skólann og kynntu sér námið á starfsbraut. Þau dvöldu hér í tvær vikur. Á vorönn voru fjórir þroskaþjálfanemar frá Háskóla Íslands í vettvangsnámi á starfsbrautinni og voru hér í 6-8 vikur. Það er mikilvægt fyrir skólann að tengjast fræðasamfélaginu og fylgjast með nýjum rannsóknum og gaman fyrir skólann að vera lærdómsvettvangur fyrir háskólanema.

6.10 Ýmsar keppnir

Nemendur úr Fjölbrautaskóla Suðurnesja stóðu sig vel í hinum ýmsu keppnum á skólaárinu. Lið skólans tók að venju þátt í spurningakeppni framhaldsskólanna Gettu betur og MORFÍS, mælsku- og rökræðukeppni framhaldsskólanna. Lið skólans komst í 3. umferð Gettu betur en tapaði þar naumlega fyrir liði Menntaskólans á Akureyri. Viðureignir í 3. umferð fóru fram í Sjónvarpinu en þess má geta að þetta er annað árið í röð sem lið skólans kemst í sjónvarpshluta Gettu betur og í fimmta skiptið frá upphafi. Liðið skipuðu þau Alexander Hauksson, Brynjar Steinn Haraldsson og Tinna Björg Gunnarsdóttir. Liðsstjóri og varamaður var Þorbergur Jónsson og eins og í fyrra var það Grétar Sigurðarson sem þjálfaði liðið.

Lið skólans komst í undanúrslit Morfís en tapaði þar fyrir liði Verslunarskóla Íslands en áður hafði okkar fólk sigrað lið Menntaskólans á Egilsstöðum og lið Fjölbrautaskóla Suðurlands. Liðið skipuðu Azra Crnac, Aníta Lóa Hauksdóttir, Sólborg Guðbrandsdóttir, Sigurður Smári Hansson og Ingibjörg Ýr Smáradóttir liðsstjóri en þjálfari liðsins var Arnar Már Eyfells sem er fyrrum nemandi skólans og keppandi í MORFÍS.

Í október var fyrsta þrekmótakeppni framhaldsskólanna haldin og gerði lið skólans sér lítið fyrir og sigraði með glæsibrag. Í liðinu voru þau Andri Orri Hreiðarsson, Guðmundur Juanito Ólafsson, Helena Ósk Árnadóttir og Jóhanna Júlía Júlíusdóttir. Liðinu stjórnaði Kristjana Hildur Gunnarsdóttir íþróttakennari sem er ekki óvön keppnum af þessu tagi.

Í lok október tók lið skólans þátt í Boxinu sem er framkvæmdakeppni framhaldsskólanna. Markmiðið með keppninni er að kynna og vekja áhuga á tækni, tækninámi og störfum í iðnaði og um leið fá þátttakendur að spreyta sig á ólíkum verkefnum, reyna á samvinnu og kynnast tækni og iðnaði á skemmtilegan hátt. Lið skólans stóð sig mjög vel og varð í 7. sæti af 29 liðum.

Stærðfræðikeppni grunnskólanema fór fram í skólanum 8. mars en þar voru þátttakendur 134 úr öllum grunnskólum á Suðurnesjum. Ragnheiður Gunnarsdóttir fagstjóri í stærðfræði hafði umsjón með keppninni eins og undanfarin ár. Verðlaunaafhending fór síðan fram fimmtudaginn 31. mars. Þar mættu tíu efstu í hverjum árgangi ásamt foreldrum sínum, stærðfræðikennurum og skólastjórnendum grunnskólanna. Allir sem voru boðaðir fengu viðurkenningarskjal. Það eru Íslandsbanki og Verkfræðistofa Suðurnesja sem gefa verðlaunin. Verðlaun fyrir fyrsta sæti voru 20.000 kr., fyrir annað sætið 15.000 kr. og 10.000 kr. fyrir það þriðja. Að auki fengu þrír efstu í 10. bekk grafiskan vasareikni frá Verkfræðistofu Suðurnesja. Það voru þau Sigrún Vilhelmsdóttir frá Verkfræðistofu Suðurnesja og Kjartan Ingvarsson frá Íslandsbanka sem afhentu verðlaunin.



Gróðursetning haust 2015.

6.11 Hljóðneminn

Hljóðneminn, söngkeppni nemendafélagsins NFS, fór fram í Stapanum fimmtudaginn 18. febrúar. Það var Sigurborg Lúthersdóttir sem sigraði og var því fulltrúi skólans í Söngkeppni framhaldsskólanna. Sigurborg flutti lagið Red með Daniel Merriweather. Í öðru sæti var Már Gunnarsson og þriðja varð svo Hanna Margrét Jónsdóttir. Keppnin var glæsileg að vanda enda mikið í hana lagt og það er orðin regla frekar en undantekning að umgjörð um slíka viðburði nemenda sé fyrsta flokks að öllu leyti.

6.12 Leikrit

Nemendafélagið NFS stóð í stórræðum en hápunkturinn í starfi félagsins var uppsetning á leikritinu *Eitt töfrateppi takk* í samstarfi við Leikfélag Keflavíkur. Það var frumsýnt 1. apríl í Frumleikhúsinu við Vesturbraut. Verkið var frumsamið en eins og nafnið gefur til kynna byggði það lauslega á ævintýrum úr austri. Leikstjórar og höfundar voru Arnór Sindri Sölvason og Jón Bjarni Ísaksson en þeir eru báðir fyrrum nemendur skólans. Óhætt er að segja að þeir og hópurinn allur hafi boðið upp á stórskemmtilega sýningu þar sem gleðin var í fyrirrúmi. Viðbrögð á sýningunum voru í samræmi við það og þar voru hlátrasköll gesta áberandi. Það var stór hópur nemenda sem kom að uppsetningunni, bæði á sviðinu og utan þess. Auk leikara, söngvara og dansara vann fjöldi nemenda baksviðs við tæknimál, sviðsmynd, hár, förðun og búninga.



Frá sýningu á leikritinu *Eitt töfrateppi takk* vor 2016.

6.13 Göngudagur

Á hverju hausti er Göngudagur á dagatali annarinnar en reyndar hefur framkvæmdin gengið misvel enda ekki að treysta á íslenskt veðurfar. Fimmtudaginn 24. september drifur nemendur og kennarar sig af stað og var gengið innanbæjar enda ekki úr vegi að kynnast fallegum gönguleiðum í næsta nágrenni. Þegar til kom reyndist veðrið ekki eins gott og veðurspáin hafði lofað og því varð gangan nokkuð röskari en reiknað var með. Reyndar var svalt haustveðrið ágætt gönguveður og hópurinn lét það lítið á sig fá. Endastöðin var að þessu sinni við Duushús við smábátahöfnina í Keflavík en þar var boðið upp á brauðmeti og vatn.



Frá göngudegi í september 2015.

6.14 Hæfileikakeppni starfsbrauta

Það var líf og fjör á hæfileikakeppni starfsbrauta sem haldin var í skólanum fimmtudaginn 14. apríl. Starfsbrautir framhaldsskólanna hafa í þó nokkur ár keppt sín á milli með söngkeppni og stuttmyndakeppni en undanfarin ár hefur þetta verið sameinað í eina hæfileikakeppni þar sem nemendur hafa frjálssar hendur. Að þessu sinni kepptu 12 skólar en tveir skólar til viðbótar mættu til leiks en kepptu ekki að þessu sinni. Mikil stemning var á keppninni og atriðin svo sannarlega fjölbreytt og skemmtileg. Það var Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi sem stóð uppi sem sigurvegari, í öðru sæti varð Fjölbrautaskóli Norðurlands Vestra og atriðið frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti varð í 3. sæti. Okkar fulltrúi var Embla Sól Björgvinsdóttir og stóð hún sig frábærlega eins og aðrir keppendur þetta kvöld.

Í keppni eins og þessari þarf auðvitað úrvalsfólk í dómnefnd en hana skipuðu Alda Dís Arnardóttir, Baldur Þórir Guðmundsson, Guðbrandur Einarsson og Jóna Guðrún Jónsdóttir. Alda Dís tók einnig lagið og það gerðu trúbadorarnir Heiður líka. Eftir keppnina var svo ball þar sem DJ Atli hélt uppi fjörinu og gerði það snilldarvel. Það er rétt að taka fram að hópur frá nemendafélagi skólans aðstoðaði við framkvæmd keppinnar og stóð sig með þryði.

6.15 Stofnun ársins

Á vormánuðum var boðið til viðburðar ársins á vegum SFR, stéttarfélag í almannapjónustu þar sem veitt voru verðlaun fyrir stofnun ársins 2016. Fjölbrautaskóli Suðurnesja lenti í öðru sæti af 76 í hópi stórra stofnana og er það annað árið í röð sem skólinn hafnar í öðru sætinu. Skólinn getur því notað titilinn Fyrirmyndarstofnun SFR og er ein þrettán ríkisstofnana sem hlýtur þann titil í ár. Þetta er þriðja árið í röð sem skólinn er útnefndur ein af fyrirmyndarstofnunum SFR.



Frá útskrift vorannar 2016.

7. Skýrsla matsnefndar

Í sjálfsmatshópnum voru fjórir kennarar af ólíkum sviðum þau Ása Einarsdóttir, Atli Þorsteinsson, Axel Sigurbjörnsson og Garðar Garðarsson ásamt aðstoðarskólameistara Guðlaugu Pálsdóttur og vann hópurinn að mestu að hefðbundnum verkefnum. Hópurinn hittist reglulega og er unnið samkvæmt sjálfsmatshring sem er endurskoðaður með reglulegu millibili. Sumir þættir eru skoðaðir á hverri önn en aðrir á nokkurra anna fresti. Sjálfsmatshringurinn er aðgengilegur á heimasíðu skólans.

Helstu verkefni Matsnefndar á haustönn 2015

1. Kennslumat þar sem kennsla í áföngum u.þ.b. fjórðungs kennara var metinn
2. Könnun á líðan nemenda
3. Könnun á líðan starfsmanna

Unnið var samkvæmt sjálfsmatshring sem gildir til vorsins 2017. Könnun á kennslu og kennsluháttum var lögð fyrir nemendur í áföngum kennara, en um fjórðungur kennara er metinn í hvert skipti. Í kjölfarið fóru fram starfsmannaviðtöl.

Á haustönn var gerð könnun á líðan starfsmanna. Könnunin var gerð rafrænt og var sendur spurningalisti á 86 netföng. Alls svöruðu 53 einstaklingar. Einnig var gerð könnun á líðan nemenda í skólanum á haustönn. Framkvæmdin var þannig að spurningar voru sendar út til nemenda á rafrænu formi á netföng sem nemendur gefa upp í Innu. Sent var út á 949 netföng og fengust full svör frá 271 nemanda en heildarsvörun var 302 nemendur.

Þá var gert mat á einkunnadreifingu og brottfalli í áföngum og eignastaða tekin út.

Helstu niðurstöður

Í könnun á líðan starfsmanna kom fram að starfsmenn segjast almennt líða vel á vinnustaðnum. Mikill meirihluti eða 90% segja starfsandann góðan og allir sem svara eru mjög eða frekar sammála því að þeir eigi góð samskipti við samstarfsmenn sína. Þrír segjast hafa orðið fyrir einelti og fjórir segjast hafa orðið fyrir óþægilegri stríðni sl. þrjú ár.

Í könnun á líðan nemenda kemur fram að 82% þeirra sem svara segjast vera ánægð með veru sína í FS og 79% svarenda segja að sér líði vel í skólanum. Þá segjast 79% þeirra vera sátt við lífið og tilveruna. Það vekur athygli að rúm 11% segjast hafa orðið vitni að einelti en 3% segjast hafa orðið fyrir einelti. Þá eru niðurstöður spurningar um hvort nemendur hafi fundið fyrir kvíða á haustönninni sláandi en 61% segist hafa fundið fyrir kvíða.

Úrbótaáætlun

Niðurstöður úr könnun á líðan starfsmanna eru ánægjulegar. Lagt er til að skólinn haldi áfram að styðja við félagslíf starfsmanna og bæta vinnuástandi.

Varðandi niðurstöður á könnun um líðan nemenda er lagt til að fræðsla um aðgerðir gegn einelti og kynning á áætlun um aðgerðir gegn einelti verði kynntar betur bæði fyrir nemendum og kennurum.

Mikilvægt er að draga úr kvíða og því er einnig lagt til að fræðsla um eðlilegan og óeðlilegan kvíða verði aukin, bæði til nemenda og starfsmanna. Þá er einnig lagt til að aðgangur nemenda að sérhæfðri aðstoð við kvíða verði komið á í skólanum.

Helstu verkefni Matsnefndar á vorönn 2016

1. Kennslumat þar sem kennsla í áföngum 18 kennara var metin
2. Mat á störfum stjórnenda
3. Þá aðstoðaði Matsnefnd bæði Þemanefnd skólans og stjórnendur við að útbúa og leggja fyrir kannanir sem tengdust:
 - a. viðhorfi nemenda til Mötuneytisins
 - b. hugmyndum nemenda um skipulag þemadaga
 - c. magni og umfangi prófa í skólanum
4. Þá var gert mat á einkunnadreifingu og brottfalli í áföngum og eignastaða tekin út

Unnið var samkvæmt sjálfsmatshring sem gildir til haustsins 2017. Könnun á kennslu og kennsluháttum var lögð fyrir nemendum í áföngum kennara, en um fjórðungur kennara er metinn í hvert skipti. Í kjölfarið fóru fram starfsmannaviðtöl.

Þá var könnun á störfum stjórnenda, þ.e. skólameistara, aðstoðarskólameistara og tveggja áfangastjóra lögð fyrir starfsmenn. Í kjölfar niðurstaðna fóru aðstoðarskólameistari og áfangastjórar í starfsmannaviðtal til skólameistara en skólameistari fór í viðtal til matsnefndar.

Matsnefndin aðstoðaði síðan Þemanefnd skólans við að útbúa og leggja fyrir nemendum rafræna könnun um hugmyndir sem nemendum höfðu um áherslur á þemadögum á vorönn. Þemanefndin vann síðan úr niðurstöðum.

Þá útbjó matsnefndin og sendi út að beiðni stjórnenda könnun á viðhorfi nemenda til mötuneytis skólans. Stjórnendur unnu úr niðurstöðum og höfðu til hliðsjónar við gerð útboðs á mötuneyti skólans á vorönn.

Að síðustu aðstoðaði matsnefnd stjórnendur við gerð og fyrirlagningu könnunnar á magni og umfangi prófa hjá nemendum á vorönninni. Stjórnendur unnu úr þeim niðurstöðum.

Ása Einarsdóttir, verkefnastjóri, tók saman.



Frá þemadögum vor 2016.

8. Skýrslur sviðsstjóra

8.1 Málavsið

Kennsla skólaárið 2015-2016

Kennarar	Greinar	Áfangar	Fj. tíma H2015	Fj. tíma V2016
Anna Karlsdóttir Taylor	íslenska	ÍSLE1LR-ÍSLE202-ÍSLE2LR- ÍSLE1FB-ÍSLE2MÆ- ÍSLE1MR-ÍSLE303	36	36
Axel Gísli Sigurbjörnsson	enska	ENSK1ET- ENSK1SO- ENSK2KO- ENSK2GA	30	30
Einar Trausti Óskarsson	spænska		leyfi	leyfi
Einar Valgeir Arason	íslenska	ÍSLE1MR-ÍSLE1ML	12	12
Hulda Egilsdóttir	íslenska	ÍSLE212-VITA2VT-ÍSLE653- ÍSLE293-ÍSLE503	30	30
Ingibjörg Böðvarsdóttir	spænska	SPÆN1SO-SPÆ203- SPÆ303-SPÆ403	30	24
John Richard Middleton	enska	ENSK2KO-ENS403- ENSK4X3	30	30
Jórunn Tómasdóttir	spænska -íslenska	SPÆ203-SPÆ303- ÍSLE2LR-SPÆN1SS	30	30
Karen E. Arason	enska		leyfi	leyfi
Kristrún Guðmundsdóttir	íslenska	ÍSA-ÍSLE403-ÍSLE503- ÍSLE653-VITA2VT	24	19
Ólöf Hildur Egilsdóttir	enska	ENSK1SO-ENSK2KO- ENSK2GA-ENS403- ENS503	30	24
Sara Harðardóttir	enska	ENSK1SO-ENS202- ENS-403-ENS503	30	24
Simon Cramer Larsen	danska	DAN202-DAN212- DANS1ML/LM-DANS1LF- DANS2LB	24	24
Sumarrós Sigurðardóttir	danska	DAN203-DAN303- DANS1ML/LM-DANS2LB	30	30
Veska Jónsdóttir	þýska- enska	ÞÝS203-ÞÝS403- ÞÝSK1ÞO-ENS212	30	30

Þorsteinn Þorsteinsson	íslenska	ÍSL202-ÍSL303-ÍSLE1MR-ÍSLE2LR-ÍSLE2MÆ	30	30
Þorvaldur Sigurðsson	íslenska	ÍSL303-ÍSL403-ÍSLE1MR-ÍSLE2MÆ	30	30

Umræðan 2015 - 2016

Haustönnin hélt innreið sína með miklu annríki. Fyrir lá að halda áfram vinnu við nýju námskrána ásamt öllu öðru sem raðast á borðið við upphaf skólaárs. Rafsígarettur voru bannfærðar, gróðursetning útskriftarnema tekin fyrir, foreldrafundur skipulagður, busaballið rætt, göngudagur tekinn fyrir, ígildisáfangar ígrundaðir og svo mætti lengi telja.

Þar sem kerfisbreytingar kalla jafnan á aukna vinnu þá þurftu menn að vera á tánum. Ígildisáfangar er til að mynda nýtt hugtak sem birtist í kerfisbreytingunni. Tvö kerfi verða í gangi þar til svo til allir í gamla kerfinu hafa útskrifast. Ekki gerist þetta á sama tíma hjá öllum sem flækir málið umtalsvert. Einnig kom upp hugtakið brúaráfangi sem er seinni tíma kerfisaðlögun svo stökkið milli áfanga á fyrsta og öðru þrepi verði ekki of stórt í ákveðnum greinum. Að lokum mætti nefna hugmyndina um valáfanga á öðru þrepi sem dæmi um verulegar kerfisbreytingar sem kalla á meiri vinnu en í venjulegu árferði.

Fyrirlesari frá Dale Carnegie hélt námskeið varðandi ýmislegt sem tengist betri samskiptahæfni og hrifust sumir meira en aðrir. Stjórnendateymið fékk sér námskeið til að reyna að örva virkni á svokölluðum Andafundum þar sem fimm sviðsstjórar, fjórir stjórnendur og bókasafnsfræðingurinn ræða málin á breiðum grundvelli. Eins og með allar inngripsaðgerðir þá gengu þær misjafnlega inn í menn en viðleitnin var af hinu góða.

Kvíði nemenda er sífellt að verða meira áberandi breyta í okkar umhverfi. Áfangakerfið tvístrar nemendum meira en bekkjarkerfið og þarf því að huga vel að því að fyrirbyggja eins vel og nokkur kostur er á að nemendur einangrist. Matsnefnd skólans lagði fyrir líðankönnun á önninni þar sem meðal annars var spurt almennrar spurningar um kvíða og benda niðurstöður til þess að frekari rannsókna sé þörf til að fá nákvæmari gögn til að vinna eftir. Stefnt var að því að fá fyrirlesara til að upplýsa starfsfólk betur um þessa breytni og væntanlega verður haldið áfram að reyna að ná betur utan um hana á næstu önn. Jafnan hefur verið rætt um að mikil tengsl séu á milli líðan nemenda og árangurs. Því er auðvitað mikilvægt að starfsmenn séu eins meðvitaðir um líðan þeirra sem þeir eru að vinna með svo árangur verði sem bestur á öllum sviðum.

Á vorönninni var tekið sögufrægt skref í FS þegar ákveðið var að leggja stoðkerfið af sem hefur einkennt skólastarfið í skólanum um árabil. Næsta skólaár er ætlunin að taka aftur upp klukkustunda kennslustundir til reynslu í eitt ár og meta svo ánægju manna með breytinguna.

Nú þegar hafa meðlimir sviðsins varpað fram atriðum sem væntanlega þarf að takast á við í nýju kerfi og verða haustumræður væntanlega nokkuð litaðar af þessum hræringum. Nokkrar umræður áttu sér stað á önninni varðandi hvert skyldi stefna í stundatöflugerðinni og á endanum tók skólameistari af skarið og vonum við að allir nái að aðlagast breyttu umhverfi á sem áhrifaríkastan hátt eftir farsælt sumarfrí.

Málasviðið er samsett að miklu reynslufólki. Fundir málasviðsins á kennsluárinu voru settir á vegna þarfar fyrir efnislegar umræður um ákveðin málefni. Skapar þetta viðeigandi forsendur fyrir umræður sem jafnan eru málefnalegar og verður fundarstjórinn yfirleitt að stöðva umræður rétt eftir lok fundartímans. Veitingarnar á fundunum skapa jákvæðar forsendur fyrir umræðufundi af þessu tagi og var margt skemmtilegt borið á borð á liðnu ári sem tengdist jafnvel erlendum menningarheimum sem sumir kennaranna þekkja vel til. Vonandi verða umræður sviðsins áfram á svipuðum nótum því þær hafa góð áhrif á skólamálaumræðuna í FS. Sviðsstjórinn vill sérstaklega þakka öllum á sviðinu fyrir þeirra skemmtilega innlegg í umræðuna með von um meira af slíku.

Sérfræðipækning eykst með aukinni reynslu á afmörkuðum sviðum og að viðbættri hvatningu þá getur orðið til kennsluefni sem hentar sérstaklega vel í sumum áföngum. Þetta sérsniðna efni verður auðvitað til mjög víða og er á mörgum vígstöðvum að fá á sig heildstæða mynd. Mun þessi aðlagða nýsköpun væntanlega leiða til betri árangurs. Örnámskeiðin hafa verið nokkuð einkennandi skólaárið 2015-2016 þar sem kennarar miðla öðrum kennurum af sinni sérstöku reynslu og vísu um málefni sem vonandi geta nýst í starfi.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja má skreyta sig með titlinum Fyrirmyndarstofnun eftir að SFR birti niðurstöður árlegrar könnunar sinnar. Ánægjulegasti þáttur þessarar niðurstöðu er að hvergi er að finna betri starfsanda í flokki stórra ríkisstofnana og það annað árið í röð. Ein grunnforsenda jafn jákvæðrar niðurstöðu og þessarar er að mér finnst hlustað á það sem menn hafa fram að færa þó að ekki sé alltaf hægt að framkvæma allt sem öllum dettur í hug. Þetta leiðir sennilega af sér eins stéttlausan vinnustað og hægt er að gera sér vonir um þar sem mönnum finnst umræðan skipta raunverulegu máli. Námsferð starfsmanna Fjölbrautaskóla Suðurnesja vorið 2016 til Barcelona mun án nokkurs vafa gera heilmikið til að viðhalda þeim einstaka starfsanda sem einkennir vinnustaðinn. Mjög ánægjulegt er að fá að upplifa slíka tíma en starfsandinn hefur jafnan verið mjög góður í skólanum í gegnum árin þökk sé mörgum þáttum.

Vorverkin hafa hafið innreið sína í skólanum þar sem beint og óbeint er verið að undirbúa næsta skólaár. Annasamt skólaár er að baki og nú fer að koma tíma á að kíkja út í spennandi sumarfrí.

Axel Gísli Sigurbjörnsson, sviðsstjóri málasviðs, tók saman.

8.2 Raungreinasvið

Kennarar:

Kennari	Fjöldi tíma - haust	Fjöldi tíma - vor
Ása Valgerður Einarsdóttir	LOL203(6), HJÚ303(6), HJÚ403(6), SJÚ203(6)	LOL203(6), HJÚ503(6), LYF103(6), VIN305
Ásgeir Ólafur Pétursson	EÐL103 (6), NÁT123(6)	EÐL103(12), EÐI203(6), NÁT123(6) JAR113/STJÖ2AL(6)
Daníel Símon Galves	GSF103(12), STÆ303(6)	STÆR1AG05(6), STÆR1AR0(6), STÆR2V05(6)
Gunnlaugur Sigurðsson	STÆ603(6), STÆ503(6), STÆ513(6), STÆ403(6), STÆR2AH05(6)	STÆ703(6), STÆ543(12), STÆ503(6), STÆ403(6)
Haukur Viðar Ægisson	NÁT123(12), NÁT103(6), SNAT, STÆR1AR05(6)	NÁT103(6), LÍF203(6), STÆR1AR05
Inga Lilja Eiríksdóttir	STÆ303(6), STÆR2AH05(6)	STÆ313(6), STÆR2TL05(12), STÆR2VH05(12)
Harpa Kristín Einarsdóttir	SNAT, NÁT103(12), LÍF103(6)	NÁT103(6), UMF102, LÍFF2LE05(6), SNAT, LÍF103(6)
Jón Gunnar Schram	STÆR1AR05(18), STÆR1PT05(6)	STÆR2AR05(18) STÆ122(6), STÆRAG05(6)
Þjóðbjörg Gunnarsdóttir	STÆR1AR05(6)	STÆR2AR05(12), STÆ313(6), STÆ413(6)
Sólveig Björk Granz	HJÚ103(6), SÝK103(6), HJV103(6), HBF103(6)	SJÚ103(6), HJÚ203(6), HBF103(6), VIN105(6)
Ægir Sigurðsson	NÁT113(12), JAR103(6), KORT1KÚ(6)	NÁT113(6), JAR103(6), LAN103(6), NÁT123(6)
Guðmundur Grétar Karlsson	EFN103(12), EFN203(6), EFN303(6)	EFNA2LM05/EFN103(6), EFN203(6), EFN313(6),
Ragnheiður G Gunnarsdóttir	STÆ503(12), STÆ403(6), STÆ303(6), STÆR1PT05(6)	STÆR1AG05(6), STÆ403(12), STÆ503(6)

Kennsluhættir

SNAT er nýr áfangi þar sem blandað er saman Samfélagsfræði og Náttúrufræði. Þar eru unnin þverfagleg verkefni svo sem sjálfbær þróun, fjölmennning, vatn og fæða, lýðræði og samfélag, ferðamennska, náttúra og saga o.fl. Þetta er kennt í lotum. LIFF2LE05 er nýr áfangi þar sem gamla LIF103 er skipt upp í tvo. Meiri áhersla er lögð á samanburðarlífeðlisfræði og verklega kennslu.

Áfangar STÆR1PT05 og STÆR1AG05 eru 3 lotur sem enda með prófi. Ekki er lokapróf. Áfangar STÆR1AR05, STÆR2AR05 eru metnir eins og sagt er hér að neðan.

Önninni er skipt í fjórar lotur. Eftir hverja lotu er gefin einkunn.

Í hverri lotu er:

Stöðupróf sem gildir 80%. Í stöðuprófinu er heimilt að vera með sína eigin vinnubók sem nemandinn hefur sjálfur skrifað.

Heimadæmi sem gildir 10 % og

hópverkefni sem gilda 10 %

Engin sjúkrapróf eru á önninni.

Hver lota gildir 0% eða 20% af lokaeinkunn. Lokapróf gildir 20%, 40%, 60%, 80% eða 100%.

Nemandi ákveður í lokaprófinu hvað hann lætur lokaprófið gilda mikið. Ef nemandi hefur staðið sig vel í öllum lotunum getur hann látið lokaprófið gilda 20% á móti lotueinkunnunum. Ef nemandi hefur gengið illa í einni eða fleiri lotum eða hefur verið veikur þegar stöðupróf eru þá getur hann látið lokaprófið gilda meira. Dæmi: Nemandi fær lágt fyrir fyrstu lotu og hefur verið veikur þegar 3. stöðupróf er. Þá getur hann látið lokaprófið gilda 60% og látið lágu einkunnirnar detta út.

Til þess að ljúka áfanganum þarf nemandi að mæta í lokaprófið og fá að lágmarki 4,5 í lokaeinkunn fyrir önnina.

Námsmat

Námsmat á sviðinu byggir að mestu leiti á vinnueinkunn, sem samanstendur af heimaverkefnaskilum og stöðuprófum og lokaprófi. Einstaka greinar eru metnar með símati og byggir það á mætingu og vinnueinkunn.

Fundir

Sviðsfundir voru haldnir u.þ.b. mánaðarlega á skólaárinu þar sem til umræðu voru hin ýmsu málefni sviðsins. Góður andi ríkir á sviðinu þó svo menn séu ekki alltaf sammála um alla hluti. Fagfundir undir stjórn Ragnheiðar Gunnarsdóttur voru allnokkrir og voru þeir m.a. notaðir til umræðna um nýja áfanga.

Innkaup og fjárveitingar

Engin stórinnskaup á skólaárinu, einungis fjárútlát í almennan rekstur.

Að lokum

Það er óhætt að segja að skólaárið hafi gengið vel. Nýir áfangar hafa gengið vel enda var vel vandað til í undirbúningi þeirra. Samstarf á sviðinu var gott og kennarar áhugasamir um að gera sitt besta nemendum til hagsbóta.

Gunnlaugur Sigurðsson, sviðsstjóri stærðfræði- og raungreinasviðs, tók saman.



Frá Starfshlaupi vorið 2016.

8.3 Samfélagssvið

Kennsla skólaárið 2015-2016

Kennari	Áfangar	Fjöldi tíma - haust	Fjöldi tíma - vor
Andrés Þ. Eyjólfsson	ÍPRÓ1AL01 ÍPRÓ1DL01 ÍPR1B1 ÍPG132 ÍPRF1PJ LÝÐH1HF LÝÐH1HR	24 X 55 mín.	26 tímar
Atli Þorsteinsson	SNAT1SN SAGA103	24 tímar	24 tímar
Bogi Ragnarsson	FÉL103 FÉLA2ES FÉL203 FÉL403 FÉL343	30 tímar	30 tímar
Elísabet Karlsdóttir	SÁL103 SÁL203 SÁL303 UPP103	24 tímar og sviðsstjórn	24 tímar og sviðsstjórn
Ester Þórhallsdóttir	FÆRN1HA05 FÆRN1HB05 SNAT1SN10	18 tímar	Barneignafrí
Guðbjörg Jónatansdóttir	SAG103 SAG203 SAG303 SAG363 VITA2VT	30 tímar	30 tímar
Guðni Kjartansson	ÍPRÓ1AL ÍPRÓ1AL ÍPR2V1 ÚTI101	9 tímar	2 X 55 mín. 2 X 55 mín. 1 X 55 mín. 1 X 55 mín.
Gunnar Magnús Jónsson	ÍPR1B12 ÍPRÓ1AL ÍPR2V12 KNAT1AA ÍPF224	31 tími	29,25 tímar

Hlynur Ómar Svavarsson	HAG113 VIÐ103 VIÐ143	24 tímar	24 tímar
Hörður Ragnarsson	BOK103 BÓK203 BÓK303	12 tímar	18 tímar
Kolbrún Marelsdóttir	LKN103 LÍFS1ES LÝÐH1HF	27 tímar	27 tímar
Kristjana H. Gunnarsdóttir	ÍPRÓ1DL01 NÆR103 NÆRI1NN05 LOL103 ÍPRF2NÆ04 UMU 1901	29 tímar og umsjón	27,6 tímar og umsjón
Ingigerður Sæmundsdóttir	FÆRN1HO05	6 tímar	0
Þjóðbjörg Gunnarsdóttir	FÆRN1HO05 BÓK213 HAG103 VIÐ113	24 tímar	6 tímar
Þorbjörg Garðarsdóttir	UPPL1TU UPPL1FB UTN203	24 tímar	24 tímar
Þórunn Friðriksdóttir	FÉL313 FÉL333	6 tímar p/viku og svo 150 tíma per önn í mætingastjórnun	6 tímar og svo 150 tíma per önn í mætingastjórnun.
Ægir Karl Ægisson	HES203 SÁL213	6 tímar	6 tímar

Kennsluhættir - nýjungar

Kristjana Gunnarsdóttir kenndi lýðheilsuáfanga í fyrsta sinn haustið 2015. Hún tók þátt í að smíða þann áfanga og var það heilmikil vinna, en mjög skemmtileg. Sá áfangi kom nokkuð vel út, en það má þó breyta nokkrum atriðum. Henni finnst miður að kenna hann ekki á vorönn líka.

Atli Þorsteinsson: Við unnum saman að áfanganum SNAT1SN10. Við þurftum að búa til allt kennsluefni frá grunni og kostaði það gífurlega vinnu. Áfanganum var skipt í 6 lotur og hver lota samþætti fjallaði um náttúruna í samfélagi manna. Vorum fjögur sem kenndum áfangann á önninni. Geðveikt. Í sögunni var þetta öllu hefðbundnara nema notuðum ekki kennslubækur því þær stýra námsefni og það er ekki gott. Þannig að nánast allt kennsluefni var á netinu á moodle. Á vorönn 2016 kenndi ég tvo sögu 103 hópa. Ég prófaði á þessari önn að bæta við verkefnum og ritgerðum en í staðinn var áfanginn lokaprófslaus. Í stuttu máli gekk þessi tilraun vonum framar. Nemendur virkuðu mjög áhugasamir og ég fékk aldrei á tilfinninguna að nemendur misstu dampinn í þessu kerfi. Reyndar var álag e.t.v. of mikið og þurfti ég að fækka verkefnum í lokin. Í heildina var ég mjög ánægður með þessa tilraun.

Guðbjörg Jónatansdóttir: Ég nota moodle í mínum áföngum, í sögu 303 byrjaði ég að nota turnitin til að láta nemendur skila inn ritgerðum og fannst mér það gefast vel og hyggst halda áfram með það. Ég er alltaf að skoða hvað gengur og reyni að hafa fjölbreytta kennsluhætti. Í mars fer ég á sögukennararáðstefnu í Belfast og vonandi kemur það til með að nýtast mér í kennslunni. Ég er að kenna VITA í fyrsta sinn og er það í samtarfi með Huldu og Krístrúnu og er spennandi að sjá hvernig það þróast.

Bogi Ragnarsson: Er alltaf að þróa og bæta við. Byrjaði fyrstu önnina með 3 kennsluáðferðir en þær eru orðnar 5-10 eftir því hvernig lítið er á það. Innlögn, myndbönd og fjölbreytt verkefnavinna.

Kennslubækur og námsgögn

Atli: Bæði í SNAT og Sögu er allt kennsluefni frá kennurum. Engar formlegar kennslubækur eru í áföngunum.

Námsmat

Þorbjörg: Námsmat skiptist í vetrareinkunn (50%) og lokaverkefni (50%). Innan vetrareinkunnar eru 5-6 lotur (10%-20% hver) og innan hvernar lotu eru tímakannanir (30%) Próf (40%) Verkefni (30%)

Atli: Námsmat í SNAT er þannig að það eru sex lotur sem gilda 15% og svo gildi virkni og ástundun 10%. Í sögunni gilda kaflaprófin 40% og ritgerðaspunnningar 30% og verkefni 30% Námsmat í félagsfræði: í félagsfræði 103 / FÉLA2ES05, FÉL203 og FÉL343 var námsmatið mjög fjölbreytt og krefjandi. Tekin voru tíu 50 spurninga krossapróf um helgar úr hverjum kafla, nemendur héldu kynningar, skiluðu stórra verkefnabók (200 stig) og tóku þrjú kaflapróf eða skrifuðu rannsóknarskýrslu. Til þess að sleppa lokaprófi í FÉL103 og FÉL203 þurfti nemandi að fá 8,0 í meðaleinkunn og að hafa 85% raunmætingu.

Sem sagt mjög fjölbreytt námsmat almennt.

Námskeið sem kennarar hafa sótt	
Nafn kennara	Námskeið
Atli Þorsteinsson	Ferðajarðfræði 3x2 klst
Þórunn Friðriksdóttir	Mið –Austurlönd, trúarbrögð, stjórnmal og saga
Elísabet Karlsdóttir	Námskeið hjá Ísbrú, félagi kennara sem kenna íslensku sem annað mál, um kennsluaðferðir og fl. sem nýtist öllum nemendum
Þorbjörg Garðarsdóttir	Rafræn miðlun – Ráðstefna 3F - föstudaginn 10. apríl 2015. Stafrænt kennsluefni og miðlun –námskeið á vegum 3F í samstarfi við SEF 9.-10. Júní 2015

Fundir
<p>Sviðsfundir voru einn í hverjum mánuði og ýmislegt tekið fyrir. Eins og venjulega voru fastir þættir eins og að safna upplýsingum fyrir stoðtíma kennara og viðtalstíma. Ræða um gerð og frágang kennsluáætlana, próf, prófagerð og samræmi í yfirferð prófa ásamt því að fara yfir niðurstöður prófa á sviðinu. Á hvorri önn voru teknir saman áfangar í boði fyrir næstu önn á eftir og kennarar minntir á að fylla inn bókalista. Einnig komu fram ýmsar fyrirspurnir til stjórnenda og boð fóru á milli stjórnenda og kennara.</p> <p>Almennt var mjög vel mætt á sviðsfundina hér á samfélags- og viðskiptasviði og kennarar jákvæðir.</p> <p>Í vetur var einnig rætt um stokkatöflu og fyrirhugaðar breytingar á henni, könnun var gerð meðal kennara um það mál. Rætt um annarskil og að kennarar meti niðurstöðurprófa í sínum áföngum og skili athugasemdum ef þeir vilja taka eitthvað sérstakt fram varðandi það. Rætt um nýju áfangana og hvaða áfangar væru staðgengisáfangar. Hvernig bæri að haga sjúkraprófum og reglum þar um.</p> <p>Kennarar segi öðrum frá þeim aðferðum sem virka vel hjá þeim og komi með hugmyndir að örnámskeiðum. Ýmsar hugmyndir komu fram og margar nýttar á örnámskeiðum vetrarins. Rætt var um brottfall og leiðir til að draga úr brottfalli. Skoðaðar samantektir um ástæður brottfalls en kennarar sviðsins óska eftir brottfalli /ástæðum brottfalls flokkuðum eftir brautum til að sjá betur hvar mesta brottfallið væri.</p> <p>Rætt um að athuga hvort mætti ekki draga úr kröfum í íslensku og stærðfræði á sumum styttri brautum.</p> <p>Rætt um síðustu kvöldmáltíðina og hvort og hvernig best væri að breyta henni. Hvernig væri að gera könnun hjá útskriftarnemum og sjá hvað þeir myndu helst vilja?</p> <p>Rætt um heimasíðu skólans og hvernig mætti bæta hana hvað varðar aðgengi að upplýsingum.</p> <p>Rætt um kennslumatið en kennarar sýndu áhuga á að endurskoða það.</p> <p>Einnig rætt um mötuneyti og hollan og óhollan mat.</p>

Rætt um vinnumatíð, álag á nemendur og nýju námskrána. Einnig um forvarnir eins og t.d. forvarnir gegn einelti o.fl. t.d. forvarnir gegn ótímabærum þungunum og bent á að hér vantaði smokkasjálfsala og sjálfsala fyrir dömubindi.

Rætt um þemadaga og komu fram hugmyndir um að breyta til og hafa mismunandi form á þemadögum sem svo myndi rúlla á þriggja ára fresti.

Rætt um þrískólafund sem var haldinn á Akranesi og kennarar undirbjuggu sig fyrir hann.

Rætt um hvernig best væri að nýta síðustu kennsludaga hvernar annar en það er regla að engin má hafa próf síðustu vikuna og helst ekki þá næst síðustu heldur.

Rætt um að meta félagsstarf nemenda til eininga og hafa t.d. þemaáfangar þar sem þeir sem tækju þátt fengu einingu fyrir þá vinnu að undirbúa þemadaga.

Einnig voru kaffihúsafundir og fagfundir haldnir eins og venjulega að ógleymdum örnámskeiðum.

Innkaup og fjárveitingar – sviðstjóri

Innkaup voru lítil á önninni og aðal fjárveitingarnar fóru til Akademiunnar. Rúmar 2 milljónir voru notaðar og meiri hlutinn var vegna Akademiunnar.

Að lokum

Önnin gekk vel og mætingar kennara voru góðar á fundum

Elísabet Karlsdóttir, sviðsstjóri samfélagssviðs, tók saman.



Frá stærðfræðikeppni grunnskóla vor 2016.

8.4 Tæknisvið

Kennarar:

Kennari	Áfangar	Fjöldi tíma - haust	Fjöldi tíma - vor
Katrín Sigurðardóttir, sviðsstjóri	Haupt: THL103, THL203, THL303, THL406 Vor: THL103, FATA1SH05, HÖN103, THL403, THL143 og HÖN203 (U)	24	24
Ásdís B. Pálmadóttir	Haupt: HGR103, KLP103, IFH103, HPS101, PEM102, BLS101, Vor: HGR203, PEM202, BLS201, IFH203, HLI101, KLP203	24	24
Rósa Guðmundsdóttir	Haupt: USFS1ES03, UST3436, VFOR1GR05 x 2 hópar, Vor: WIN103, USFS2NS03, HESI1XXXX, FORR1LE05	24	24
Ívar Valbergsson	Haupt: VST304, VST403, VST103, STÝ102, KÆL122 Vor: MEK103, STI103, VST204, VST312, VTÆ102, KÆL202	24	24
Jónas Eydal Ármannsson	Haupt: HSU102 tveir hópar SMÍ104 tveir hópar Vor: REN103 x2, SMÍ204, VIR104	19	21
Ágúst Eiríksson	Haupt: RSU102, SMSM1MA05, SUÐA1SS05 HSU202 MALM1MA05 VERP1VP05 Vor: SUÐA1SS05 x2, LSU102 x2, HVI193, SMSM1KF08 MALM1MA05	23	22

Sólveig Sveinbjörnsdóttir	Haut: LISM1KY10, LSTR1SK03, AHS103 (U) Vor: FOH193, LIME1MM05, LISM1KF08, GRT103, GRT193, AHS103(U)	10	14
Ólafur Baldvin Sigurðsson	Haut: RAM103, RAM303, VGR102, VGR302 ,TNT102, RTM202 Vor: RAM203, RAM402, RTM102, RTM302, VGR202, VGR402	18,5	21
Bragi Einarsson	Haut: MYN103, LIM103, LIM113, SJL103, SJL203 LIM203 (U). Vor: LISA1HN, MYNL1TE, MYNL1VE, LIM203 (U), MYS304 (U)	30	28
Hildur Skúladóttir	Haut: TNTÆ1GR05, CNA203, TÆK303, TÖUS1UB05 Vor: CNA103, CNA303, NETKSV05, TNT403, TÖTÆ2SÖ05	30	24
Björgvin Jónsson	Haut: RAFG1KY05, RAL10,2 RAL303, RLT302, STR102, VSM302 Vor: RAFG1KY05, RAL403, RAF253, STR203, RER103	36	34
Skúli Jóhannsson (leysti Daníel Galvez af sem kom 1. apríl úr fæðingarorlofi).	Vor: FORR2HF05, FORR1GR05		
Íris Jónsdóttir	Haut: ITH103, SJL103, SJL203, MYL223, MYL233, MYN 103 Vor: ITH203, MYNL2FF05, MYNL2MA05, MYL303, MYL314	30	30

Ellert Smári Kristbergsson	Haupt: VSH203 x2, FOR303, VEF203, FOR503, WIN203 Vor: UST403, LIN103, FOR1KE01, FOR403, FOR603, VEF303, VEF2SJ05		
Garðar Þór Garðarsson	Haupt: STR302, TNT303, RLT102, RAM702 skert, RAL704, RAFG1KY05, FRL203 Vor: RAFG1KY05, RAL603, STR402, RAL202, TNT202, RAF353	36	32
Björn Sturlaugsson	Haupt: FRV103, GRT103, GRT203, TEH103, TEH203, TTÖ 103 Vor: GLU104, GRT193, GRT103, GRT203, INK104, TEH 103, TEH203, TEH303, TRÉ103, VTS103	28	(37) 20?
Gunnar Valdimarsson	haupt : TIH10A, ÚVH102, EFG103, HÚSA1KY05, SMSM1KY10 á móti Ágústi TRÉS1GR05 Vor: INR106, GLU104, SMSM1KY10 á móti Ágústi TRÉS1KY05	44	38
Lárus Pálmason	Netagerð Fjarnámsáfangar		

Kennsluhættir
<p>Katrín Sigurðardóttir textíl: Sýnikennsla, örfyrirlestrar, verkleg kennsla.</p> <p>Ásdís B. Pálmadóttir Háriðn: Sýnikennsla, verkleg kennsla, DVD, töflukennsla</p> <p>Rósa Guðmundsdóttir Tölvugreinar: Sýnikennsla, fyrirlestrar, verklegar æfingar, skýringarmyndbönd, bókleg kennsla</p> <p>Ágúst Eiríksson smíði og suðukennsla: Sýnikennsla, verkleg kennsla, bóklegt.</p> <p>Sólveig Sveinbjörnsdóttir listnám: Verkleg kennsla, myndbönd, fyrirlestrar, töflukennsla, skráning á ferli, bókleg kennsla.</p> <p>Bragi Einarsson: prófáfangi í fyrsta sinn, LISA1HN, annað hefðbundið verklegt, innlagnir, myndbönd og fyrirlestrar.</p> <p>Hildur Skúladóttir: Verklegar æfingar, verkefnavinna, fyrirlestrar, myndbönd</p> <p>Skúli Jóhannsson: Verklegar æfingar, sýnikennsla, fyrirlestrar, kennslumyndbönd.</p>

Íris Jónsdóttir: Sýnikennsla, fyrirlestrar, myndbönd, bækur.
 Ellert Smári Kristbergsson: Verklegar æfingar, fyrirlestrar, próf, sýnikennsla.
 Björn Sturlaugsson: Verkleg og bókleg kennsla, sýnikennsla.
 Gunnar Valdimarsson: Verkleg kennsla, sýnikennsla, innlagnir, fyrirlestrar

Kennslubækur og námsgögn

Katrín Sigurðardóttir textíl: Snið- og sniðteikningar þýdd af Ásdísi Jóelsdóttur.
 Ásdís B. Pálmadóttir kennsluefni frá kennara. Pivot kennslukerfid, bækur og DVD.
 Rósa Guðmundsdóttir: Microsoft IT Academy, Microsoft® Official Academic Course: Installing and Configuring Windows Server® 2012 R2, Microsoft® Official Academic Course: Configuring Windows 8.1. Codecademy, Socrative, Quizlet sem styður við námsefni áfanganna.
 Ágúst Eiríksson: Plötusmíði 1: Plötusmíði 2: Þorsteinn Guðlaugsson tók saman.
 Sólveig Sveinbjörnsdóttir Saga hönnunar, Ásdís Jóelsdóttir, IÐNÚ 2013. Leirmótun, Kristín Ísleifsdóttir 2015, Námsgagnastofnun. Annað kennsluefni frá kennara.
 Bragi Einarsson, Listasaga, frá hellalist til 1900
 Björgvin Jónsson: Sjá bókalista.
 Íris Jónsdóttir: Ljósrit frá kennara og bækur frá bókasafni.
 Ellert Smári Kristbergsson: allt efni á netinu.
 Björn Sturlaugsson: Sjá bókalista.
 Gunnar Valdimarsson Sjá bókalista

Námsmat

Katrín Sigurðardóttir textíl: Símat, próf í kennslustund, heimapróf.
 Ásdís B. Pálmadóttir Háriðn: Símat, próf í kennslustund, jafningjamat
 Rósa Guðmundsdóttir: Símat, kaflapróf í kennslustundum, bókleg og verkleg verkefni unnin í kennslustundum, lokaverkefni í námsþáttum og áföngum
 Ágúst Eiríksson: Símat, próf í kennslustund
 Sólveig Sveinbjörnsdóttir: Símat, könnunarpróf, verkefnaskil, yfirferð og kynningar
 Bragi Einarsson: Símat og verkefnaskil, könnunarpróf
 Björgvin Jónsson: Símat og verkefnaskil, könnunarpróf
 Íris Jónsdóttir: Símat og verkefnaskil
 Ellert Smári Kristbergsson: Verkefni sem skilað er yfir önnina, lokaverkefni, könnunarpróf
 Björn Sturlaugsson: Verkefnaskil, símat og kannanir
 Gunnar Valdimarsson; Símat og verkefnaskil

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Nafn kennara	Námskeið
Katrín Sigurðardóttir	Excel námskeið HÍ haust 2015
Ásdís B. Pálmadóttir	Excel námskeið HÍ haust 2015
Sólveig Sveinbjörnsdóttir	Myndlist og leirmótun HÍ haust 2015

Nemar

Kennaranemi hjá Ívari

Fundir

Rósa Guðmundsdóttir: Ferðanefnd vegna undirbúnings skólaheimsóknar til Barcelona vorið 2016. Fundur að meðaltali 1x í viku í allan vetur. Afmælisnefnd vegna 40 ára afmæli skólans.

Bragi Einarsson: Ferðanefnd Barcelona 2016

Íris Jónsdóttir – fundir vegna þemanefndar, fagfundir.

Katrín Sigurðardóttir afmælisnefnd vegna 40 ára afmæli skólans.

Ásdís B. Pálmadóttir afmælisnefnd vegna 40 ára afmæli skólans.

Sviðsfundir

Sviðsfundir voru að meðaltali einu sinni í mánuði og voru hefðbundin málefni tekin fyrir eins og upphaf annar, kennsluáætlanir, valið, bókalistar, próf og prófagerð o.fl.

- Þar sem unnið er eftir nýrri námskrá þá var rætt um að passa upp á eldri nemendur að þeir velji áfangana sem þeir eiga eftir samkvæmt gömlu námskránni áður en þeir detta út.
- Töluvert rætt um brottfall og kennarar komu með hugmyndir til þess að bregðast við t.d fjölbreytt námsmat, stífari mætingarreglur, fylgja reglum betur eftir, skipta önn upp í lotur, nýjungar í kennsluháttum o.fl.
- Kennarar ræddu um hvernig bæri að skoða úttekt prófa og námsárangur hjá nemendum okkar og komu nokkrar hugmyndir t.d að skoða þegar fallprósenta fer yfir ákveðin mörk og skoða þá nemendur betur t.d. mætingar, verkefnaskil, göt í töflu, kennsluáætlun, starfshætti. o.fl.
- Rætt var um breytingar á stokkatöflu og að leggja niður stoðið í núverandi mynd, en næsta haust verður unnið eftir nýrri stokkatöflu. Kennarar mjög jákvæðir að takast á við nýtt kerfi.
- Skilafundir voru til umræðu en kennarar fara yfir hvernig gekk yfir önnina og koma með hugmyndir hvernig á að bregðast við því.
- Einn sviðfundur fór í ferð til Hafnarfjarðar en við heimsóttum Íshús Hafnarfjarðar þar sem nú er starfrækt hönnunarmiðstöð.

Heimsóknir

- Nemendur á 1. önn Tölvuþjónustubrautar fóru í heimsókn til Isavia og fengu að kynnst starfsháttum tölvudeildar í stóru fyrirtæki í nóvember 2015.
- Nemendur á 3. önn Tölvuþjónustubrautar fóru í heimsókn til Nýherja og fengu að kynnst starfsemi stórfyrirtækis í tölvugeiranum.
- Myndlistarnemendur: Farið tvisvar sinnum til Rvík. á listsýningar á vorönn 2016, einnig nokkrum sinnum á Listasafn Duus í Reykjanesbæ.
- Nemendur á 3. Önn á Tölvufræðibraut fóru með Tölvuþjónustubraut í Isavia í nóvember 2015.
- Nemendur á textílblaut fóru á kjólasýningu í DUUS húsum, en hönnuðurinn er fyrirverandi nemandi.

Kennurum á tæknisviði var boðið í heimsókn í Hakkit sem er tæknisetur á Ásbrú.

Innkaup og fjárveitingar

Nemendur í forritunarkeppni fengu styrk til þess að keyra á milli Reykjavíkur og Keflavíkur. Hver deild gerir fjárhagsáætlun á haustin og skólameistari tekur hana fyrir og gefur samþykki fyrir því sem má versla inn.

Að lokum

Samstarfið á tæknisviði gekk vel að vanda, fólk vinnur vel saman og er tilbúið að liðsinna hvort öðru. Kennarar hafa komið með góðar hugmyndir til að styrkja hópinn eins og að fara í heimsóknir í fyrirtæki og að fara saman út að borða en það hefur reynt vera hópefli fyrir hópinn.

Katrín Sigurðardóttir, sviðsstjóri tæknisviðs, tók saman.



Frá Dimissio vorannar 2016.

8.5 Starfsbraut

Kennarar og annað starfsfólk

Kennari	Fjöldi tíma	Áfangar á haustönn	Áfangar á vorönn
Ásta Birna Ólafsdóttir	100% staða	Enska (2 hópar), starfsnám, lífsleikni, íslenska, námstækni, skipulögð vinnubrögð.	Enska (2 hópar), starfsnám, lífsleikni (2 hópar), námstækni, umsjón og ökunám
Birna Ármey Þorsteinsdóttir	100% staða	Lífsleikni, íslenska, stærðfræði, starfsnám, listir, íþróttir og skipulögð vinnubrögð	Lífsleikni, íslenska, stærðfræði, starfsnám, listir, íþróttir og umsjón.
Ingigerður Sæmundsdóttir	12 kennslust. á viku	Stærðfræði (tveir hópar)	Stærðfræði (tveir hópar)
Magnús Einþór Áskelsson	100% staða	Lífsleikni, starfsnám, stærðfræði, íþróttir, enska og íslenska	Lífsleikni, íslenska, starfsnám, enska, íþróttir, umsjón og færni.
Guðmundur Grétar Karlsson	2 tímar á viku (55 mín)	Starfsnám	Stærðfræði. Ein kennslustund á viku
Telma Rut Eiríksdóttir	100% staða	Starfsnám, stærðfræði, íslenska, listir, tónlist, íþróttir, starfsnám og skipulögð vinnubrögð.	Starfsnám, stærðfræði, íslenska, listir, íþróttir, færni starfsnám og umsjón.
Þórunn Svava Róbertsdóttir	100% staða	Lífsleikni, íslenska (2 hópar), starfsnám, skipulögð vinnubrögð og ÍSA.	Íslenska (2 hópar), starfsnám, lífsleikni og umsjón.
Ester Þórhallsdóttir	3 tímar á viku	Lífsleikni	Var í fæðingarorlofi
Ragnheiður Gunnarsdóttir	2 tímar á viku	Stærðfræði	
Andrés Eyjólfsson	2 tímar á viku	Íþróttir	Íþróttir
Sólveig Sveinbjörnsdóttir	2 tímar á viku	Listir	Listir
Ágúst Eiríksson	1 tími á viku		Málmsmíði

Friðjón Einarsson	6 tímar á viku		Starfsnám og stærðfræði
-------------------	----------------	--	-------------------------

Stuðningsfulltrúar

Aron E. Árnason	100% staða (hætti 8. apríl)
Drífa Guðmundsdóttir	100% staða
Helga Jakobsdóttir	100% staða
Sigurbergur Elísson	50% staða á starfsbraut (aðstoðar nemanda á almennri braut í 50% stöðu á móti)
Marín Laufey Davíðsdóttir	50% staða á starfsbraut (aðstoðar nemanda á almennri braut í 50% stöðu á móti)

Kennsluhættir

Á haustönn var einum nemendahóp skipt upp og kennslueldhúsið nýtt sem kennsluástaða fyrir þrjú nemendur. Það kom nokkuð vel út og eftir áramót var lítið herbergi á fyrstu hæð skólans (gamla bóksalan) nýtt í kennslu fyrir einn nemanda sem átti erfitt með að vera í hópi. Eftir áramót var gerð sú nýbreytni að vera alfarið með símat og þar af leiðandi engin lokapróf. Útbúinn var matslisti sem notaður var sem viðmið en kennarar aðlöguðu hann að sinni námsgrein. Mismunandi var hvort og hvernig kennarar nýttu sér símatlistana en niðurstaðan eftir önnina var sú að hætta ekki með lokapróf á brautinni. Það er mikilvægt að starfsbrautarnemendur (eins og aðrir nemendur) fá reynslu og upplifun af því að fara í lokapróf eins og gerist og gengur almennt í framhaldsskólum landsins. Mikilvægt er að halda áfram að nota og þróa símatlistana í þeim tilgangi að námsmat nemenda verði nákvæmara. Hæfilegur fjöldi lokaprófa er talin vera þrjú próf.

Nám á öðrum brautum

Alls stunduðu 17 nemendur nám á öðrum brautum skólans. Áfangarnir sem nemendur sóttu voru fjölbreyttir, s.s. íþróttir, trésmíði, forritun, enska, hár, myndlist, stærðfræði og mismunandi tölvuáfangar.

Kennslubækur og námsgögn

Þórunn Svava Róbertsdóttir vann verkefnahefti í íslensku fyrir haust og vorönn. Á haustönn var unnið með bókina Bak við bláu augun eftir Þorgrím Þránínsson og verkefnahefti útbúinn upp úr bókinni. Á vorönn var unnið með bókina Kossar og Ólífur eftir Jónínu Leósdóttur. Þórunn vann einnig lífsleikniverkefnahefti sem voru notaðar á skólaárinu. Þórunn Svava, Ásta Birna og Telma Rut unnu verkefnahefti í starfsnámi sem notaðar voru á skólaárinu. Ásta Birna vann verkefnahefti í ensku sem notaðar voru á skólaárinu og verkefnabók í ökunámi sem notuð var á vorönn.

Kennarar á starfsbrautinni í Fjölbrautaskóla Vesturlands, Akranesi fengu afrit af verkefnahefti upp úr bókinni Upp á líf og dauð eftir Jónínu Leósdóttur sem Þórunn Svava Róbertsdóttir hafði unnið.

Námsmat

Námsmatið var einstaklingsmiðað, s.s. leiðsagnarmat, jafningjamat, verkefnaskil, virkni í kennslustundum, mæting, sjálfsmat, ástundun og lokapróf. Regluleg endurgjöf frá kennara á vinnuframlag nemenda og verkefnaskil. Skriflegt námsmat fyrir hvern og einn nemanda var unnið og afhent á prófsýnidag þar sem allir kennarar voru búnir að taka saman afrakstur annarinnar, meta hvort markmiðum hafi verið náð og gáfu jákvæðar og uppbyggilegar ráðleggingar til nemenda um tillögur um áframhaldandi námsframvindu.

Nemendur fengu val um að taka svindmiða með sér í eitt af þremur kaflaprófum í einum áfanganum en mjög fáir nemendur nýttu sér það. Mikilvægt er að bjóða aftur upp á þennan möguleika og athuga hvort fleiri nýti sér þennan möguleika.

Nemendum var einnig boðið upp á að taka krossapróf á netinu (í gegnum google docs), en einungis tveir nemendur nýttu sér þann valmöguleika. Skoða þarf þekkingu og hæfni nemenda í tölvunotkun (t.d. google docs) því kannski þarf að leiðbeina þeim betur hvernig best sé að snúa sér í slíku námsmati.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Nafn kennara	Námskeið
Þórunn Svava Róbertsdóttir	1.-2. Júní 2015 frá kl. 09:00-16:00. Árangursríkar leiðir í starfi fyrir nemendur með einhverfu og aðrar sérþarfir á framhaldsskólastigi. 30. september 2015 frá kl. 08:30-10:00. Foreldrar og sjálfstraust barna á vegum Dale Carnegie. 8. október 2015 frá kl. 14:30-15:25. Fyrirlestur: <i>Það sem fær athygli vex.</i> Unnur Magnúsdóttir frá Dale Carnegie hélt fyrirlesturinn.

	<p>28. október 2015 frá kl. 09:00-16:00. Leiðbeinendanámskeið Fyrir börn með ADHD.</p> <p>29. október 2015 frá kl. 17:30-19:30. Fyrirlestur um Sexting (hrelliklám).</p> <p>2. nóvember 2015 frá kl. 09:00-16:00. Fræðsludagur sérkennarafélags Íslands.</p> <p>1. febrúar 2016 frá kl. 11:00-12:00. Fyrirlestur um fordóma frá Rauða Krossi Íslands.</p> <p>2. apríl 2016 frá kl. 14:00-17:00. Málþing: Hvernig mætir skólinn þörfum barna og ungmenna á einhverfurófi?</p> <p>17. apríl 2016 frá kl. 09:00-15:00. Málþing þroskaþjálfanema á þriðja ári.</p> <p>27. apríl 2016 frá kl. 14:00-17:00. Lausnarþing um málefni barna sem passa ekki í „kassann“.</p> <p>23. -27. maí 2016. Námsferð með Fjölbrotaskóla Suðurnesja til Barcelona.</p> <p>5-7 júní 2016. Educational Barriers tengslaráðstefna í Skotlandi.</p>
<p>Helga Jakobsdóttir</p>	<p>8. október 2015 frá kl. 14:30-15:25. Fyrirlestur: <i>Það sem fær athygli vex. Unnur Magnúsdóttir frá Dale Carnegie</i> hélt fyrirlesturinn.</p> <p>22. október 2015 frá kl. 12:00-16:00. Kynfræðslunámskeið fyrir fólk með fötlun hjá MSS.</p> <p>23. október 2015. Framtíðarþing iðjuþjálfar- hvert stefnum við.</p> <p>7. – 10. desember 2015. Heimsókn á Hæfingastöð í Svíþjóð og fræðslufundir með sænskum aðstoðarmönnum einstaklinga með Battens sjúkdóminn.</p> <p>1. febrúar 2016 frá kl. 11:00-12:00. Fyrirlestur um fordóma frá Rauða Krossi Íslands.</p> <p>4-5. mars 2016. Ráðstefnudagur hjá Iðjuþjálfafélaginu vegna 40 ára afmælis þess. Þverfagleg samvinna og velferðartækni</p> <p>2. apríl 2016 frá kl. 14:00-17:00. Málþing: Hvernig mætir skólinn þörfum barna og ungmenna á einhverfurófi?</p> <p>27. apríl 2016 frá kl. 14:00-17:00. Lausnarþing um málefni barna sem passa ekki í „kassann“.</p>

	<p>5-8. maí 2016. Ráðstefna í Danmörku. Nordisk konferanse for foreldre som har eller har hatt barn með Neuronal Coroid Lipofuscinosis (Battens sjúkdóminn).</p> <p>23. -27. maí 2016. Námsferð með Fjölbrautaskóla Suðurnesja til Barcelona.</p> <p>7-9 June 2016 Teymisfundur fagaðila þeirra sem aðstoða börn með Batten sjúkdóminn (NCL)og fjölskyldur þeirra. Programs for Nordic network around Spielmeyer Vogts (Batten) disease NNN within NOVIR Malmö Tema: Narrativa Livsberättelser</p>
Birna Ármey Þorsteinsdóttir	<p>8.október 2015 frá kl. 14:30-15:25. Fyrirlestur: <i>Það sem fær athygli vex. Unnur Magnúsdóttir frá Dale Carnegie</i> hélt fyrirlesturinn.</p> <p>22. október 2015 frá kl. 12:00-16:00. Kynfræðslunámskeið fyrir fólk með fötlun hjá MSS.</p> <p>1. febrúar 2016 frá kl. 11:00-12:00. Fyrirlestur um fordóma frá Rauða Krossi Íslands.</p> <p>27. apríl 2016 frá kl. 14:00-17:00. Lausnarþing um málefni barna sem passa ekki í „kassann“.</p> <p>23. -27. maí 2016. Námsferð með Fjölbrautaskóla Suðurnesja til Barcelona.</p>
Ásta Birna Ólafsdóttir	<p>1.-2. Júní 2015 frá kl. 09:00-16:00. Árangursríkar leiðir í starfi fyrir nemendur með einhverfu og aðrar sérþarfir á framhaldsskólastigi.</p> <p>8.október 2015 frá kl. 14:30-15:25. Fyrirlestur: <i>Það sem fær athygli vex. Unnur Magnúsdóttir frá Dale Carnegie</i> hélt fyrirlesturinn.</p> <p>7-8. desember 2016. Ráðstefna í Brussel: Employment, Social Affairs and Inclusion.</p> <p>1. febrúar 2016 frá kl. 11:00-12:00. Fyrirlestur um fordóma frá Rauða Krossi Íslands.</p> <p>2. apríl 2016 frá kl. 14:00-17:00. Málþing: Hvernig mætir skólinn þörfum barna og ungmenna á einhverfurófi?</p> <p>17. apríl 2016 frá kl. 09:00-15:00. Málþing þroskaþjálfanema á þriðja ári.</p> <p>27. apríl 2016 frá kl. 14:00-17:00. Lausnarþing um málefni barna sem passa ekki í „kassann“.</p> <p>12.-13. maí 2016. Vorráðstefna Greinarstöðvarinnar.</p>

	<p>23. -27. maí 2016. Námsferð með Fjölbrautaskóla Suðurnesja til Barcelona.</p>
Telma Rut Eiríksdóttir	<p>8.október 2015 frá kl. 14:30-15:25. Fyrirlestur: <i>Það sem fær athygli vex. Unnur Magnúsdóttir frá Dale Carnegie</i> hélt fyrirlesturinn.</p> <p>22. október 2015 frá kl. 12:00-16:00. Kynfræðslunámskeið fyrir fólk með fötlun hjá MSS.</p> <p>1. febrúar 2016 frá kl. 11:00-12:00. Fyrirlestur um fordóma frá Rauða Krossi Íslands.</p> <p>2. apríl 2016 frá kl. 14:00-17:00. Málþing: Hvernig mætir skólinn þörfum barna og ungmenna á einhverfurófi?</p> <p>27. apríl 2016 frá kl. 14:00-17:00. Lausnarþing um málefni barna sem passa ekki í „kassann“.</p> <p>23. -27. maí 2016. Námsferð með Fjölbrautaskóla Suðurnesja til Barcelona.</p>
Drífa Guðmundsdóttir	<p>8.október 2015 frá kl. 14:30-15:25. Fyrirlestur: <i>Það sem fær athygli vex. Unnur Magnúsdóttir frá Dale Carnegie</i> hélt fyrirlesturinn.</p> <p>22. október 2015 frá kl. 12:00-16:00. Kynfræðslunámskeið fyrir fólk með fötlun hjá MSS.</p> <p>1. febrúar 2016 frá kl. 11:00-12:00. Fyrirlestur um fordóma frá Rauða Krossi Íslands.</p> <p>23. -27. maí 2016. Námsferð með Fjölbrautaskóla Suðurnesja til Barcelona.</p>
Magnús Einþór Áskelsson	<p>8.október 2015 frá kl. 14:30-15:25. Fyrirlestur: <i>Það sem fær athygli vex. Unnur Magnúsdóttir frá Dale Carnegie</i> hélt fyrirlesturinn.</p> <p>22. október 2015 frá kl. 12:00-16:00. Kynfræðslunámskeið fyrir fólk með fötlun hjá MSS.</p> <p>1. febrúar 2016 frá kl. 11:00-12:00. Fyrirlestur um fordóma frá Rauða Krossi Íslands.</p> <p>23. -27. maí 2016. Námsferð með Fjölbrautaskóla Suðurnesja til Barcelona.</p>
Aron E. Árnason	<p>8.október 2015 frá kl. 14:30-15:25. Fyrirlestur: <i>Það sem fær athygli vex. Unnur Magnúsdóttir frá Dale Carnegie</i> hélt fyrirlesturinn.</p> <p>22. október 2015 frá kl. 12:00-16:00. Kynfræðslunámskeið fyrir fólk með fötlun hjá MSS.</p> <p>27. október 2015. Fyrirlestur um einhverfu og skipulagða kennslu í MSS.</p>

Sigurbergur Elísson	22. október 2015 frá kl. 12:00-16:00. Kynfræðslunámskeið fyrir fólk með fötlun hjá MSS.
----------------------------	---

Starfshópar á vegum ráðuneytisins
Pórunn Svava Róbertsdóttir var í undirbúningshóp um 1. þrep íslenska hæfnirammans um menntun. Fundað var 8 sinnum á þessu skólaári.

Erindi
Pórunn Svava Róbertsdóttir hélt erindi á degi einhverfra þann 2. apríl sem bar heitið „að mæta nemendum á einhverfurófi í kennslustofunni“. Ásta Birna Ólafsdóttir var ráðstefnustjóri á málþingi Einhverfusamtakanna um skólamáli 2. apríl.

Styrkir til íþad kaupa			
Dags	Kennitala	Texti	Upphæð
24.11.2015	420290-2689	Lionsklúbbur Keflavíkur	160.000
5.11.2015	510592-2639	Lionessklúbbur Keflavíkur	160.000
27.10.2015	710591-2109	Lionsklúbburinn Æsa	60.000
26.10.2015	490776-0289	Lionsklúbbur Sandgerðis	50.000
20.10.2015	490776-0369	Lionsklúbbur Grindavíkur	160.000
9.10.2015	440269-6489	Lionsklúbbur Njarðvíkur	160.000
		Samtals	750.000

Liðveisla
Á vorönn 2016 voru þrjú nemendur með liðveislu. Markmiðið er nemandi fyrir nemanda, þar sem nemendur af öðrum brautum skólans aðstoða nemendur á starfsbraut við þátttöku í félagslífinu í hádegishléi eða frímínútum.

Nemar - gestir
Í september kom Laufey Sigurðardóttir, iðjuþjálfanemi og kynnti sér nám og starf á starfsbrautinni. Á vorönn voru fjórir þroskaþjálfanemar frá Háskóla Íslands í vettvangsnámi á starfsbraut. Það er mikilvægt fyrir skólann að tengjast fræðasamfélaginu og fylgjast með nýjum rannsóknum og gaman fyrir Fjölbrautaskólann að vera lærdómsvettvangur fyrir háskólanema. Nemarnir voru hér í 6-8 vikur. Fimm þriðja árs nemar frá HÍ komu í mars og fengu kynningu á starfsbrautinni.

Heimsóknir

Þriðjudaginn 2. febrúar fóru allir starfsmenn FS í heimsókn til Fjölbrautaskólans á Akranesi á svokallaðan þrískólafund. Þar var fundað með starfsfólki frá Akranesi og Selfossi.

Grunnskólanemendur byrjuðu á að koma í heimsókn/aðlögun í nóvember og alla vorönnina voru nemendur að koma frá flestum grunnskólum á svæðinu. Sumir skólar komu oft en einu sinn og tvisvar sinnum.

Fjórir nemendur og tveir kennarar frá Finnlandi komu til okkar 4. apríl fóru heim 15. apríl. Þeir kynntu sér nám og starf á brautinni, ásamt því að kynna sér skólann í heild og ýmsa staði í nágrenninu eins og Fjölsmiðjuna, fisktækniskólann og leikskóla á svæðinu svo eitthvað sé nefnt.

Fundir

Reglulegir fundir voru á fimmtudögum kl. 13:30 í eina til tvær kennslustundir. Auk þess voru fundartímarnir á föstudögum oftast nýttir til fundarhalds. Farið var yfir stöðuna, upplýsingum miðlað á milli og áætlanir um áframhaldandi vinnu/viðbrögð voru ákveðin. Sviðsfundir voru að meðaltali einu sinni í mánuði og þar var m.a. fjallað um stokkatöfluna, skilafundi, símanotkun, foreldrasamskipti, skipulag fyrir hæfileikakeppni og önnur mál sem tengdust brautinni.

Óvenju margir fundir voru haldnir með utanaðkomandi fagaðilum, t.d. með aðilum frá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, félagsþjónustunni í Reykjanesbæ, Grindavík og Hafnarfirði, þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta, Hæfingarstöðinni í Reykjanesbæ, grunnskólunum á svæðinu, foreldrum nemenda og væntanlegra nemenda, ásamt aðilum frá ýmsum búsetuúrræðum.

Þórunn Svava Róbertsdóttir fór á kennslustjórafundinn sem var haldinn 16. nóvember 2015 í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Innkaup og fjárveitingar

Fjárfest var í einni plöstunarátt á haustönn.

Að lokum

Veturinn hefur verið ánægjulegur, krefjandi og fjölbreyttur. Það sem stóð uppúr var stóra hæfileikakeppnin sem við héldum hér í skólanum þann 14. apríl sl. Mikill undirbúningur átti sér stað strax um áramót, sérstaklega þar sem einn áfangi var í boði nánast alfarið til að undirbúa keppnina. Nemendur tóku þátt í að skipuleggja kvöldið, velja dómara, versla í sjoppu, safna happadrættisvinningum, æfa kynna og búa til skreytingar. Stofnuð var facebooksíða þar sem upplýsingar og myndir voru setta inn. Á kvöldinu sjálfu var fyrrverandi nemandi okkar fenginn til þess að taka keppnina upp og sýna hana beint á youtube.com fyrir þá sem ekki komust á keppnina. Keppnin tókst frábærlega í alla staði.

Verkfall stuðningsfulltrúa stóð yfir frá 15.-20. október og hafði það óneitanlega áhrif á skólastarfið.

Nemendahóparnir voru nokkuð stöðugir þótt gera þurfti breytingar á sumum hópum eftir þörfum. Það er mikilvægt að hafa sveigjanleika í nemendahópnum og varast það að niðurnjörva hópana um of. Nemendahópurinn er fjölbreyttur og að mörgu er að hyggja. Það sem hefur verið áberandi á þessu skólaári er hversu margir nemendur hafa komið í skólann vegna tímabundins úrræðis hjá fósturfjölskyldum. Oft eru þetta nemendur sem hafa flóknar og blandaðar fatlanir án þess að þær séu sýnilegar við fyrstu sýn. Mikil orka, tilfærslur og aðlögun hefur farið í að nálgast þessa nemendur og mæta þeim á raunhæfan hátt.

Einn nemandi útskrifaðist um jólin eftir þrjú og hálf ár á starfsbraut og í vor munu 9 nemendur útskrifast eftir fjögurra ára nám. Enn fer brautin stækkandi þar sem nú liggja fyrir 20 umsóknir, en það á reyndar eftir að koma í ljós hversu margir af þessum nemendum skila sér inn í haust. Það er söknuður á eftir nýútskrifuðum nemendum en við hlökkum til að fylgjast með þeim sem þátttakendur í samfélaginu og erum fullviss um að þau verði sjálfum sér og samfélaginu sem við búum í til sóma.

Þórunn Svava Róbertsdóttir, sviðsstjóri starfsbrautar, tók saman.

9. Skýrsla bókasafns

Um safnið

Bókasafnið er staðsett á 1. hæð í nýjasta hluta skólahússins. Safnið er þar í 250 m² húsnæði. Þar er lessalur, tvö hópvinnuherbergi, geymsla inn af afgreiðslu og önnur stærri geymsla. Í lessal eru 24 básar, í hópvinnuherbergjum eru sæti fyrir 20-25 manns auk borða í almenna hluta safnsins. Notendur hafa aðgang að fjórum tölvum og fyrir framan safnið er prentari/ljósritunarvél. Safnkostur safnsins er skráður í landskerfi bókasafna , Gegni. Starfsmenn bókasafnsins eru tveir, Guðmann Kristþórsson bókasafnsfræðingur og Marianna Einarsdóttir bókavörður.

Skólaárið 2015-2016

Bókasafnið var opið mánudaga-fimmtudaga kl. 8:00-16:30 og föstudaga kl. 8:00-15:00. Alls var safnið því opið 41 tíma í viku. Aðsókn af safninu var góð og hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Útlánur hefur fækkað undanfarin ár en lán innan safns/skóla eru nokkuð mörg. Það er m.a. vegna breyttra kennsluaðferða en nemendur nota heimildir minna en áður en vinna meira sjálfir og nota þá aðstöðu, búnað og safngögn á staðnum. Safnið tók þátt í samstarfi bókasafna í framhaldsskólum en Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum hefur starfað í um 30 ár. Haldnir eru 3-4 fundir á ári en auk þess heldur hópurinn úti tölvupóstlista. Á síðasta skólaári fékk safnið aðild að Gegni, landskerfi bókasafna og var meirihluti safnkostinn þá skráður þar inn. Um áramótin voru útlán safnsins færð í Gegni og um leið var eldra kerfið, MetraBók, tekið úr notkun að mestu.

Aðföng og safnkostur

	Aðföng 2015-2016	Safnkostur	Aðföng 2015-2016	
Bækur	112	16.631	Keypt	105
Myndefni	13	1.077	Aðsent	5
Hljóðefni	0	247	Gjafir	12
Hljóðbækur	0	69		
Margmiðlunardiskar	0	33	Kennslubækur	8
Annað	0	11		
Afskrifað: 129				
Samtals	125	18.068		

Aðföng – efnisflokkar

000 Almennt efni	2	500 Raunvísindi	9
100 Heimspeki, sálfræði, siðfræði	6	600 Tækni, vísindi, framleiðsla	7
200 Trúarbrögð	1	700 Listir, skemmtanir, íþróttir	13
300 Samfélagsfræðigreinar	30	800 Bókmenntir	44
400 Tungumál	2	900 Sagnfræði, landafræði og ævisögur	11

Tímaritaáskriftir: 32

Auk þess berast safninu nokkur ókeyps tímarit auk fréttá- og dreifibréfa.

Útlán

Heimlán: 649

Millisafnalán: 15

Lán innan safns/skóla: 910 (haustönn 392, vorönn 518)

Guðmann Kristþórsson, bókasafnsfræðingur, tók saman.



Sigurborg Lúthersdóttir, sigurvegari Hljóðnemans 2016.

10. Skýrsla námsráðgjafa

Inngangur

Á skólaárinu voru þrjú námsráðgjafar starfandi við skólann, Guðrún Jóna Magnúsdóttir í 100% stöðu, Sesselja Bogadóttir í 83,75% og Sunna Gunnarsdóttir í 70% stöðu. Nemendafjöldi á haustönn 2015 var u.þ.b. 1000.

Verkaskipting námsráðgjafa

Guðrún Jóna sá um að uppfæra aðstoðarlistann og koma upplýsingum áfram til kennara varðandi nemendur með greiningar í upphafi beggja anna.

Guðrún Jóna tók einnig viðtöl við nemendur á önninni sem virtust vera að slaka á í mætingum og námi. Guðrún Jóna sá einnig um áhugasviðskannanir. Guðrún Jóna sá um prófkvíðanámskeið í lok vorannar.

Sunna hefur haft umsjón með nemendum sem eru með ofvirkni og/eða athyglisbrest og boðið þeim upp á sérstaka aðstoð t.d. við að halda utan um námið. Sunna var með námstækni fyrir íþróttaafreksbraut á haustönn. Hún hefur haft umsjón með sérúrræðum fyrir lokapróf á báðum önnum. Sunna hafði umsjón með fornáms- og færnihópum á báðum önnum. Hún tók einnig viðtöl við nemendur á önninni sem virtust vera að slaka á í mætingum og námi.

Sesselja hélt utan um skipulagningu Nýnemadagsins sem haldinn var í upphafi haustannar 2015. Sesselja hélt sameiginlegt námstækni- og prófkvíðanámskeið í upphafi haustannar og svo prófkvíðanámskeið í lok haustannar. Hún sá svo um námstækninámskeið í upphafi vorannar. Hún tók einnig viðtöl við nemendur á önninni sem virtust vera að slaka á í mætingum og námi. Sesselja sá einnig um áhugasviðskannanir.

Allir námsráðgjafar héldu utan um málefni innflytjenda og Sesselja hélt utan um skiptinemann sem hóf nám við skólann á haustönn 2015.

Námsráðgjafar sáu um kynningar í 10. bekkjum grunnskóla á Suðurnesjum. Allir námsráðgjafar sáu um móttöku grunnskólanema í 9. bekk sem komu í heimsókn til okkar á vorönn. Allir námsráðgjafar hafa haft umsjón með nemendum með lestrarerfiðleika en Sunna hefur haldið utan um skýrslur og aðrar greiningar.

Í prófum á haustönn og vorönn skiptust námsráðgjafar á að sitja yfir nemendum sem þurftu sérstofu, þ.e. nemendur með prófkvíða eða önnur vandamál. Allir námsráðgjafar hafa unnið í verkefninu „Brottfall í framhaldsskólum“ sem Kristjana Stella Blöndal sér um og er á vegum menntamálaráðuneytisins.

Fleiri verkefni hafa verið unnið í sameiningu s.s. hluti nemenda sem teknir voru inn í skólann á skilyrðum í vetur voru í viðtölum og aðhaldi hjá námsráðgjöfum.

Námsráðgjafar aðstoða nemendur varðandi námsval, áhugasviðsgreiningar og töflubreytingar. Almenn viðtöl hvort sem þau eru tengd námi eða líðan hafa allir námsráðgjafar sinnt. Einnig hafa námsráðgjafar aðstoðað stjórnendur við ýmis verkefni. Þetta er að sjálfsögðu ekki tæmandi hér því ýmis tilfallandi störf koma upp sem þarf að sinna og er reynt að gera það eftir bestu getu.

Viðtöl

Nemendur geta bókað viðtöl á skrifstofu skólans og eiga auk þess greiðan aðgang að námsráðgjöfum þegar þeir eru lausir.

Þeir sem bóka viðtöl eru oftast nemendur í dagskóla. Talsvert er einnig um að fólk sem er að velta fyrir sér að hefja nám við skólann leiti til námsráðgjafa. Grunnskólanemendur og foreldrar þeirra leita oft til námsráðgjafa á vorin sem og foreldrar nemenda okkar. Það er enn þannig að mikill meirihluti þeirra sem koma til námsráðgjafa eiga ekki bókað viðtal.

Námsráðgjafar sinna oft ráðgjöf og svara fyrirspurnum í síma. Ýmis ráðgjöf og samskipti með tölvupósti eru líka mikil.

Segja má að langflestir sem koma til námsráðgjafa séu að velta fyrir sér námi og störfum. Mjög margir koma til að fá aðstoð við gerð námsáætlunar. Nokkuð stór hópur kemur vegna stuðnings og er þá ýmist um að ræða stuðning varðandi námið s.s.námstækni, upplýsingar um aðgengi að Blindrabókasafninu, persónulegra mála eða prófkvíða svo eitthvað sé nefnt.

Nokkur hópur hefur leitað til námsráðgjafa til að fá að taka áhugasviðskönnun. Í vetur, eins og undanfarin ár, höfum við notað áhugasviðskönnunina í leit að starfi en hún byggir á kenningum Holland eins og flestar áhugasviðsgreiningar sem eru í notkun. Áhugasviðsgreiningin, í leit að starfi, er stöðluð miðað við íslenskar aðstæður af Námsmatsstofnun og er miðað við að nemendur hafi náð 18 ára aldri til að útkoman sé marktæk. Einnig buðum við upp á áhugasviðskönnun Strong sem ætluð er útskriftarnemum.

Námsstuðningur

Nemendur sem hafa lestrargreiningu eða annars konar greiningu úr grunnskóla eru hvattir til að skila þeim gögnum til námsráðgjafa strax við upphaf skólagöngu hér. Námsráðgjafar setja inn í athugasemdadálkinn í Innu upplýsingar um nemendur sem hafa ýmiskonar greiningar. Þeir hafa einnig sent póst á alla kennara dyslexíu- nemenda og annarra nemenda sem hafa greiningar sem gott er að kennarar viti um. Þetta er gert í upphafi hverrar annar.

Námsráðgjafar sjá um að skrá þá sem hafa lestrargreiningu á Blindrabókasafnið ef þörf er á. Ef grunur um dyslexíu kemur upp og nemandi hefur ekki þegar farið í greiningu reyna námsráðgjafar að meta hvort ástæða sé til greiningar. Nemendum, sem óskað hafa eftir greiningu, hefur þurft að vísa til einkaaðila sem er frekar dýr kostur og því mikilvægt að þessi mál séu skoðuð vel í grunnskóla.

Það voru um 190 greiningar um lesblindu hjá nemendum báðar annir. Auk þessara greininga hefur námsráðgjafi upplýsingar um þó nokkurn hóp nemenda sem eiga við einhvers konar námserfiðleika að etja sem tengjast lestri en hafa ekki skilað inn greiningu.

Nokkrir nemendur hafa greiningu um sértæka námsörðugleika, aðra en lestrarerfiðleika, en þeir fá ekki sérstakan stuðning við sitt hæfi utan þess sem býðst á starfsbraut og í fornámi. Reynt er þó að koma til móts við þá sem þess óska með einstaklingsmiðuðum úrræðum.

Um það bil fimm nemendur voru með greiningu um stærðfræðiblindu báðar annir.

Á þessu skólaári voru um 31 greiningar um nemendur með ADHD eða ADD. Haldið hefur verið sérstaklega utan um þessa nemendur og þeir boðaðir í viðtöl hjá námsráðgjafa í upphafi annar. Þar er þeim boðinn stuðningur í námi sem felur m.a. í sér aðstoð við að skipuleggja námið og aðhald.

Námsráðgjafar koma upplýsingum á framfæri við kennara varðandi nemendur sem hafa greiningar og annað eftir því sem við á.

Námsráðgjafar hafa boðið upp á fræðslu og stuðning varðandi námstækni og skipulag í námi. Þó nokkrir hafa nýtt sér þetta en þessi fræðsla hefur farið fram einstaklingslega eða í litlum hópum. Á þessu skólaári var boðið upp á sameiginlegt námstækni- og prófkvíðanámskeið í september og var mætingin mjög góð eða rúmlega 30 nemendur. Í febrúar var ekki næg þátttaka á námstækninámskeiðið og var því þess vegna sinnt í einkaviðtölum. Námsráðgjafar hafa einnig veitt nemendum stuðning sem átt hafa við prófkvíðavanda að etja. Á þessu skólaári var haldið prófkvíðanámskeið í nóvember og svo í apríl. Auk námskeiðanna var einstaklingsfræðsla á báðum önnum varðandi próftöku, prófkvíða og sjálfstyrkingu.

Nemendur með sértæka námserfiðleika s.s. dyslexíu hafa kost á því að fá prófin lesin upp á MP3- spilara, að fá stækkað letur, að taka próf á tölvu og litaðan pappír svo eitthvað sé nefnt. Margir nemendur hafa nýtt sér þessa þjónustu og virðist þetta gefa góða raun. Allir nemendur hafa kost á því að sitja 30 mínútur lengur í prófum.

Þeir nemendur sem vilja fá að taka prófin í einrúmi fer stöðugt vaxandi og er fundin sérstofa fyrir þessa nemendur (sem eru þó saman í stofu) og situr námsráðgjafi stundum þar yfir prófum. Námsráðgjafar halda utan um þessar umsóknir en nemendur þurfa að sækja um þessa þjónustu fyrir hvert próftímabil. Á haustönn 2015 voru 61 nemendur sem sóttu um sérúrræði og á vorönn 2016 voru 60 nemendur sem sóttu sérúrræði í prófum.

Undanfarin ár hefur verið í gangi samkomulag við Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar varðandi sálfræðiþjónustu við nemendur. Þetta fyrirkomulag hefur gengið vel og hafa námsráðgjafar yfirleitt boðið einstaklingum þessa þjónustu sem þeir telja að þurfi á henni að halda. Einstaka nemendur eða foreldrar hafa óskað eftir þessu sjálfir. Kennarar hafa einnig bent á nemendur sem þeir telja vera í erfiðleikum og hafa þá námsráðgjafar jafnan samband við viðkomandi nemanda.

Sálfræðipjónustan felur það í sér að við bjóðum nemendum að fara í nokkur viðtöl þeim að kostnaðarlausu. Námsráðgjafar eru milligöngumenn en nemendur undir 18 ára aldri þurfa samþykki foreldra til að fara í slíkt viðtal. Sálfræðingur hefur samband við viðkomandi nemanda varðandi bókun í tíma. Miðað er við að fjöldi viðtala á einstakling fari ekki yfir þrjú og málum þá vísað í annan farveg ef þörf er á. Þessi þjónustusamningur er í þróun og verður endurskoðaður eftir þörfum.

Fornám

Nemendur sem sækja um í fornám koma í viðtal, ásamt forráðamanni, til Sunnu námsráðgjafa. Þessi viðtöl eru í júní strax að lokinni innritun. Í viðtalinu er fyrirkomulag náms í fornámsdeild kynnt. Rætt er um fyrra námsgengi og fyrirhugað nám, áhugasvið og framtíðarvæntingar. Haustið 2015 byrjuðu 36 nemendur í fornámi.

Námsráðgjafi fundar með kennurum fornámsdeildar reglulega þar sem gengi námsins í deildinni er rætt. Námsráðgjafi aðstoðar alla nemendur í fornámi við að velja bæði um jól og að vori. Þegar upp koma erfiðleikar varðandi einstaka nemendur í fornámsdeild þá er námsráðgjafi kennurum innan handar í viðtölum við foreldra og nemendur.

Starfsbraut

Námsráðgjafar eru í góðu samstarfi við kennara á starfsbraut og funda námsráðgjafar með foreldrum og fagfólki utan skólans er varðar nemendur á starfsbraut.

Foreldrasamstarf

Nokkuð er um að foreldrar 10. bekkinga hringi og leiti upplýsinga varðandi val barna þeirra. Foreldrar grunnskólanemenda, sem eiga við sértæka námsörðugleika að etja, hafa einnig haft samband til að forvitnast um möguleika barna þeirra innan skólans.

Námsráðgjafar mæta alltaf á foreldrafundi í grunnskólum á svæðinu sé þess óskað.

Fundur með foreldrum nýnema var haldinn í september þar sem starf námsráðgjafa var m.a. kynnt.

Mikið og öflugt foreldrasamstarf hefur jafnan verið við foreldra/forráðamenn nemenda í fornámsdeild og tekur námsráðgjafi þátt í því eftir þörfum.

Í mars var haldin kynning fyrir nemendur í 10. bekk á Suðurnesjum ásamt foreldrum.

Námskeið og fagfundir

Námsráðgjafar skólans buðu námsráðgjöfum í grunnskólum á Suðurnesjum á kynningu varðandi breytingar á stúdentsbrautum. Í febrúar fóru námsráðgjafar á þrískólafund á Akranesi. Í maí 2016 fóru námsráðgjafar ásamt kennurum og starfsfólki skólans í skólaheimsóknir til Barcelona. Guðrún Jóna og Sesselja funduðu með félagsmálateymi Grindavíkur varðandi verkefnið Netið. Sunna fundaði ásamt Elínu áfangastjóra með Helgu Helgadóttur úr Háskóla Íslands varðandi verkefnið Háskólahermi.

Fundir innan FS

Námsráðgjafar sóttu fundi og námskeið sem í boði voru innan skólans.

Skólaheimsóknir

Allir 10. bekkingar á svæðinu fengu kynningu frá námsráðgjafa skólans á vorönn og þar var m.a. kynnt inntökuskilyrði og námsframboð skólans og fyrirspurnum svarað.

Á vorönn komu 9. bekkingar grunnskólanna á svæðinu í heimsókn í skólann.

Eins og venja er var gengið um skólann og helstu staðir kynntir og litið við í nokkrum bóknámsstofum. Nemendum gafst kostur á að spyrja spurninga jafnóðum ef þeim datt eitthvað í hug. Verknámskennarar tóku vel á móti nemendum og kynntu námsframboð í sínum deildum. Kynningunni lauk í fyrirlestrasalnum þar sem heimasíða skólans var kynnt og nokkrar námsbrautir skoðaðar auk kynningar frá nemendafélaginu sem fulltrúar þeirra sáu um.

Námskynningar

Á skólaárinu hafa útskriftarnemar á báðum önnum fengið kynningar frá öllum stærstu háskólum landsins. Þessar kynningar hafa farið fram í umsjónartímum hjá útskriftarnemum. Á báðum önnum var útskriftarhópunum boðið í heimsókn í HR. Á vorönn tókum við þátt í verkefni með Félagi leikskólakennara og leikskóla á Suðurnesjum til að fjölga karlmönnum í stétt leikskólakennara og var haldin kynning í skólanum ásamt því að nemendum stóð til boða að heimsækja leikskólana á skólatíma og kynna sér starfið. Um 60 nemendur nýttu sér þetta. Alls tóku 30 nemendur skólans þátt í Háskólahermi í Háskóla Íslands þar sem nemendur kynntust mismundandi námsbrautum í Háskóla Íslands.

Liðveisla

Nokkrir nemendur tóku áfangann LIÐ 102 á þessu skólaári. Þessir áfangar er í samvinnu við félagsráðgjafa hjá fjölskyldu- og félagsmáladeild Reykjanesbæjar svo og fjölskyldu- og félagsmáladeildir í nágrennasveitafélögum.

Töflubreytingar og fleiri störf

Í upphafi og lok anna hafa námsráðgjafar aðstoðað við ýmis tilfallandi störf eins og töflubreytingar, að slá inn val og annað sem tilheyrir þessum annatímum. Þeir hafa einnig verið að leiðrétta mætingareinkunnir, leiðrétta fyrir fall í lok annar og að skrá grunnskólanemendur inn í skólann.

Aðrir samstarfsaðilar

Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands

Blindrabókasafnið

BUGL- Barna- og unglingageðdeildin

Félags- og fjölskyldudeildir sveitafélaganna á Suðurnesjum

Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar

Greiningastöð Ríkisins

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Námsráðgjafar í grunnskólum á Suðurnesjum

Skólar á háskólastigi

Sérkennarar í grunnskólum á Suðurnesjum

Vinnumálastofnun Suðurnesja

Virkjun mannauðs á Suðurnesjum

Námsráðgjafar úr FSu og FVA

Formaður framhaldsskólakennara Guðríður Arnardóttir

11. Skýrsla hjúkrunarfræðings

Eins og undanfarin ár var nemendum Fjölbrautaskóla Suðurnesja boðið að leita til skólahjúkrunarfræðings með sín mál á auglýstum viðtalstímum, fjóra daga vikunnar og í klukkustund í einu. Viðtalstímarnir voru auglýstir á skjávarpa, á töflu, heimasíðu og í umsjónatímum nemenda. Í upphafi skólaárs var farið yfir þá nemendur sem voru með þekkta sjúkdóma og stunda nám hjá okkur. Haldið var áfram með verkefnið frá fyrra ári um að bjóða nemum með sjálfgreint þunglyndi í viðtal hjá hjúkrunarfræðingu og nýttu nokkur sér það.

Á haustönn 2015 kom hjúkrunarfræðingur að atriðum sem skiptist svona; komur drengja 50x, stúlkna 30x, starfsmenn 10x og annað 8x, það sem flokkast undir annað á við þegar óvænt atvik komu uppá eins og yfirlíð eða skyndileg veikindi og hjúkrunarfræðingur kallaður til. Samtals 98x. Nokkrum nemendum var vísað áfram í frekari þjónustu þar sem Ungmennþjónusta HSS tók við frá okkur. Eins og undanfarin ár var öllum starfsmönnum boðin Haustbólusetningu fyrir influensu og þáðu margir það. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sá um framkvæmdina.

Á vorönn 2016 skiptust komur til hjúkrunarfræðings svona; drengir 27x, stúlkur 28x, starfsmenn 25x en undir annað 5x. Samtals 85. Fyrir síðastliðið skólaár eru samtals 183 komur. (Drengir 77x, stúlkur 58x, starfsmenn 35x, annað 13x). Ástæður heimsóknna í viðtalstímana geta verið allt frá smásárum, tognun, meiðsum, útbrotum, þungunaráhyggjur, vanlíðan, sjálfskáðandi hegðurnar, áhyggjum af sjálfum sér eða fjölskyldumeðlimum, heilsufarsmælingum. Einnig var kallað eftir nemendum sem kennarar vöktu athygli á að þyrftu etv viðtal, einnig haldið áfram með að bjóða nemendum í viðtal með sjálfgreint þunglyndi. Undir vorið var svo gert átak og nemendur sem endurtekið höfðu verið teknir með rafrettur kallaðir í viðtal, mæting þeirra í viðtölin voru góðar.

Fagnaðarefni er koma sálfræðinga að skólanum þar sem allt of mörg ungmenni eru ekki að njóta sín í námi eða lífi og þetta aldursbil í framhaldsskóla er svo mikilvægt uppá framtíðina.

Sólveig Björk Gränz, skólahjúkrunarfræðingur, tók saman.

12. Skýrsla forvarnafulltrúa

Eftirtaldir flokkar flokkast undir starf forvarnafulltrúa:

Störf tengd dansleikjum nemendafélagsins

Tóbaksnotkun

Samtakahópurinn

Viðtalstími

Störf tengd dansleikjum nemendafélagsins

Á skólaárinu 2015 – 2016 voru haldin fjögur skólaböll. Tvö voru fyrir áramót og tvö eftir áramót. Skólinn keypti áfengismæli til að nota á böllum en nemendum gafst tækifæri á að blása í áfengismælinn á böllum og ef þeir reyndust ódrukkni þá komust þeir í edrúpott. Dreigið er úr edrúpottinum við lok skólaársins og eru tveir verðlaunaðir við útskrift að vori.

Forvarnafulltrúi vinnur náið með félagslífsfulltrúa á böllum og njóta þeir aðstoðar lögreglu. Saman sjá þessir aðilar auk einvala liðs kennara og útskriftarnema um að allt fari vel fram. Forvarnafulltrúi sér síðan um að hringja heim ef sækja þarf nemendur undir 18 ára aldri. Þeir nemendur sem sóttir eru vegna ölvunar fá ekki að koma á næsta ball á eftir auk þess sem þeir sem eru yngri en 18 ára eru kallaðir í viðtal ásamt foreldri/forráðamanni.

Tóbaksnotkun

Forvarnafulltrúi ræðir við þá nemendur sem gerast brotlegir vegna tóbaksnotkunar/rafsígarettunotkunar. Í vetur var samstarf milli forvarnafulltrúa, húsvarða og skólahjúkrunarfræðings og gafst það vel. Þeir nemendur sem náðust á mynd við rafsígarettureykingar eða með í vör voru skráðir inn í athugasemdakerfi Innu.

Samtakahópurinn

Forvarnafulltrúi á sæti í Samtakahópnum sem hittist hálfsmánaðarlega. Fundirnir voru haldnir utan Fjölbrautaskólans á ýmsum tímum en yfirleitt þó þannig að það var erfitt fyrir forvarnafulltrúa að mæta vegna kennslu.

14. apríl kom Benni Kalli og hélt fyrirlestur fyrir nýnema um afleiðingar mótörhjólaslyss á líf hans.

Viðtalstími

Forvarnafulltrúi er til taks alltaf þegar þörf er á.

Anna Karlsdóttir Taylor, forvarnafulltrúi, tók saman.

13. Skýrsla félagslífsfulltrúa

Skólaárið 2015-2016 sat félagslífsfulltrúi u.þ.b. 20 formlega fundi með stjórn NFS ásamt ýmsum smærri fundum með formanni og öðrum stjórnarmönnum. Meðal helstu hlutverka vetrarins var að vera stjórnarmeðlimum innan handar í ýmsum ákvörðunartökum, leiðbeina þeim í stjórnarstörfunum, vera til staðar ef þau þyrftu á aðstoð að halda o.s.frv.

Félagslífið á skólaárinu gekk heilt yfir vel og bauð upp á ýmsa viðburði fyrir nemendur. Eins og alltaf þá er mikill hugur í stjórnarfólki í byrjun annar sem vill svo oft fjara út. Það var mikill kraftur í formanni NFS í upphafi og því miður náðu aðrir stjórnarmenn ekki að fylgja henni eftir. Það fór því svo, að þegar stutt var liðið á haustönnina að formaðurinn sagði af sér, eftir þó nokkuð fjaðrafok innan stjórnar. Varaformaður tók við keflinu og stýrði stjórnarstarfinu með miklum ágætum. Örlitlar hrókeringar urðu á embættum og nýr stjórnarmaður tekinn inn.

Dansleikir eru þeir viðburðir sem standa venjulega hæst á hverju skólaári. Það voru 4 dansleikir á skólaárinu haldnir í Stapanum, gengu þeir að mestu mjög vel og voru nokkuð vel sóttir. Á haustönn var hið hefðbundna Nýnemaball ásamt Pallaballi. Á vorönn var haldið Hip-hop ball og Árshátíðarball. Á böllunum gafst nemendum kostur á að blása í áfengismæli og skrá sig í „edrúpott“ ef ekkert áfengi mældist. Á skólaslitum voru svo 2 nemendur dregnir (strákur og stelpa) úr pottinum og hlutu þeir iPad í verðlaun. Gott samstarf var nú sem áður við lögreglu varðandi dansleikjahald sem er okkur ómetanlegt. Mikill fjöldi starfsmanna var á hverjum dansleik; 1-2 lögreglumenn, 5-6 starfsmenn frá skólanum, 10-12 úr útskriftaraðli auk 8 dyravarða. Ölvun nemenda á dansleikjum er alltaf einhver, en eftir nýnemaballið í ár var ákveðið að taka harðar á ölvun nemenda og leggja hvassari línur varðandi drykkju. Mjög gott samstarf var á milli forvarnafulltrúa og félagslífsfulltrúa varðandi dansleikjahald á skólaárinu.

Hljóðneminn, sem verið hefur einn af stærstu viðburðum skólaársins, fór fram í Stapanum í mars. Keppnin í ár var vel skipulögð af nemendum og mikill metnaður lagður í að gera hana sem allra besta. Það voru 14 keppendur sem öttu kappi og sigurvegari varð Sigurborg Lúthersdóttir, en hún var að vinna þessa keppni í annað sinn. Sigurborg var því skipaður fulltrúi FS í söngkeppni framhaldsskólanna en komst ekki inn í lokakeppnina, en sú keppni hefur töluvert misst marks s.l. ár þar sem aðeins nokkrir skólar fá aðgang.

Leikfélagið Vox Arena var í samstarfi við LK með uppsetningu á leikritinu „Eitt töfrateppi takk“ sem sýnt var í Frumleikhúsinu. Um var að ræða frumsamið verk í leikstjórn fyrrverandi nemenda skólans, Arnórs Sindra Sölvasonar og Jóns Bjarna Ísakssonar. Leiksýningar hafa verið fastur liður í skólalífinu s.l. ár eftir nokkur ár þar sem engar sýningar voru. Það er ómetanlegt fyrir skólann að geta boðið upp á slíkar sýningar. Þeir nemendur sem hafa komið að þessum sýningum hafa lagt á sig ómælda vinnu sem er mjög þroskandi og lærdómsrík.

Árangur í stóru keppnunum þremur „Gettu betur“, „Morfís“ og „Söngkeppni framhaldsskólanna“ var með besta móti í ár. Í Gettu betur náði lið skólans þeim glæsilega árangri að komast í sjónvarpssal í 8 liða úrslit, annað árið í röð. Þar tapaði liðið með minnsta mun fyrir Menntaskólanum á Akureyri. Það var mikið fjaðrafok að lokinni síðustu spurningunni í keppninni, þar sem dómara voru ekki á eitt sáttir við lokasvar MA og þótti það mjög vafasamur dómur að gefa MA rétt fyrir sitt svar sem varð þess valdandi að FS féll úr keppninni. Í Morfís stóð liðið sig einnig mjög vel, liðið tapaði naumlega í undanúrslitum gegn Verzlunarskóla Íslands. Það hefur skapast mikill metnaður hjá skólanum að ná sem lengst í stóru keppnunum sem er vel. Skólabátturinn Hnísan hélt áfram göngu sinni og skólablaðið Vizkustykki kom út þetta skólaárið eftir að hafa ekki komið út árið á undan. Fyrsta skólahreystimót framhaldsskólanna fór fram á haustönn og sigraði FS þá keppni með glæsibrag.

Félagslífið í skólanum mótast gríðarlega af þeim metnaði sem stjórnarfélagið leggur í starfið. Það eru alltaf nokkrir mjög duglegir nemendur sem vinna sitt starf af ástríðu en það þurfa fleiri að leggja á vogaskálarnar svo betur megi fara. Hugsanlega þykir „fínt“ að vera í stjórn hjá sumum nemendum og lítið annað á bakvið. Samskiptamiðlarnir skapa alltaf meiri og meiri sess hjá þessari kynslóð og var ábótavant að mynda stemmningu innan veggja skólans með hina ýmsu viðburði, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir undirritaðs (eins og með svo margt annað). Undirritaður hefur setið sem félagslífsfulltrúi til margra ára og með hverju árinu þarf að veita stjórnarfélagi enn meira aðhald og utanumhald til að félagslífið haldist í þokkalegum málum.

Gunnar Magnús Jónsson, félagslífsfulltrúi, tók saman.